



Hundur í herberginu?

Gististaðir og aðstaða fyrir hunda

Hafdís Karlsdóttir



Líf- og umhverfjvísindadeild
Háskóli Íslands
2012

Hundur í herberginu?

Gististaðir og aðstaða fyrir hunda

Hafdís Karlsdóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Karl Benediktsson

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, febrúar 2012

Hundur í herberginu - Gististaðir og aðstaða fyrir hunda
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í Ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2012 Hafdís Karlsdóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Askja, Sturlugata 7
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:

Hafdís Karlsdóttir, 2012, *Hundur í herberginu*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 31 bls.

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, 10. febrúar 2012

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

Hafdís Karlsdóttir

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort hundar séu leyfðir á gististöðum og hvaða reglur gilda um hunda inni á gististöðum. Athugað er almennt hvernig er að ferðast með hunda á Íslandi út frá sjónarhorni gististaðaeigenda. Til að fá innsýn í aðstöðu fyrir hunda eru tekin viðtöl við heimiliseigendur fimmtán mismunandi gististaða, sem ýmist leyfa eða banna hunda.

Flestum ferðapjónustubændum fannst að ókunnugir hundar ættu ekki samleið með sveitarekstri, nema ef gestahundar væru innan girðingar eða í bandi. Hundaofnæmi, ónæði og óþrifnaður eru áhyggjuefni allra gististaðaeigendanna, en eigendur hafa ekki eins miklar áhyggjur af að hundar skemma eignir. Nær allir gistihúsaeigendurnir leyfa blindrahunda og þrautþjálfaða hunda.

Sumir hundaeigendur ganga illa um og vinnur slíkt gegn því að gistihúsaeigendur vilji leyfa hunda. Þegar hundar eru leyfðir gera flestir gistihúsaeigendur það sem greiða við hundaeigendur til að þeir gangi betur um. Gjarnan leynd gistihúsaeigendur því að þar séu leyfðir hundar og smygla þeim inn um sérinnganga eða seint á kvöldin svo aðrir gestir verða síður varir við þá. Hentug aðstaða virðist vera lykillinn að því að geta rekið hundavæna gistiaðstöðu, þar sem hundar trufla ekki aðra starfsemi og hægt er að halda báðum viðskiptamannahópunum góðum, bæði þeim sem líkar við hunda og hinum sem líkar ekki við hunda.

Talað var við tíu heilbrigðisfulltrúa allra landsfjórðunga og þeir spurðir út í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 sem meinar aðgengi hunda inn á gististaði. Enginn af gistihúsaeigendunum veit af reglugerðinni, en það er í verkahring heilbrigðisfulltrúa að reglugerðinni sé fylgt. Til eru eigendur gististaða sem leyfa hunda í öllum landshlutum. Aftur á móti er ekkert fordæmi fyrir því að gistiheimiliseigendum hafi verið refsað fyrir að leyfa hunda. Þessi reglugerð hamlar þróun gistiheimila sem leyfa hunda og eru hundaeigendur ónotað markaðstækifæri í ferðapjónustu.

Lykilorð: hundar, ferðapjónusta, gistiaðstaða, reglugerð um hollustuhætti.

Abstract

The objective of this research was to find out if dogs were allowed into accommodations and if any restrictions were applied to their stay. To get a better understanding and insight into dog facilities, interviews with 15 accommodation owner's that either allowed or banned dogs was carried out. Nearly all accommodations allowed guide dogs.

Most farm guesthouses agreed that unfamiliar dogs with unknown behavioural patterns don't mix well with the daily routine of the farm, and visiting dogs should be kept inside a restricted area or on a leash at all times. Dog allergy, noise irritation and hygiene were mutual concerns from all accommodation owners but very few thought of any risk to property damage caused by dogs.

There will always be a few in a large group who, through poor training and neglect of their animals, will give a bad name to all dog owners. As a result, some accommodations are reluctant to allow any dogs. When dogs are allowed to stay overnight it is considered more of a favour to encourage better behaviour. It is not uncommon for accommodation owners that allow dogs to stay, to try to keep it a secret from other guests. It seems the best solution of mixing dog and non dog owners is well designed accommodations that are built with the idea of separating visiting dogs such that they do not disturb daily chores or other guests; after all, we have to keep in mind not everyone likes dogs.

Interviews were taken with ten health inspectors over all quarters of the country to ask about the Health Regulations number 941/2002, which bans dogs from entering and staying at accommodations. None of the accommodation owners knew about the regulation but it is in the hands of the health inspectors to make sure accommodation owners follow the regulation. Accommodations that allow dogs can be found in all sectors of the country. However there has never been a case of punishment for allowing dogs. It seems that this regulation hinder positive developments that allows dogs to stay in accommodations.

Dog owners currently represent an untapped marketing opportunity.

Key words: dog, tourism, accommodation, regulation of health control.

*Þessa ritgerð tileinka ég hundinum mínum henni Perlu, sem var alltaf skilin eftir
heima*

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Hugar, fólk og ferðaþjónusta	2
2.1 Villidýr eða besti vinur mannsins?	2
2.2 Hundurinn og markaðurinn	3
2.3 Hundavænir gistingöguleikar	4
2.4 Lög og reglur	5
2.5 Ástæður hundabanns	6
2.5.1 Ofnæmi	6
2.5.2 Fælni	7
2.5.3 Veikindi frá hundum til manna	7
2.6 Samantekt	8
3 Gögn og aðferðir	9
4 Viðmót gistinguáeigenda í garð hunda.....	11
4.1 Ástæður hundabanns gistinguáeigenda.....	11
4.1.1 Ofnæmi á gistingstöðum	11
4.1.2 Ótti og fælni	12
4.1.3 Óþrifnaður, ónæði og skemmdir	13
4.1.4 Sýn heilbrigðiseftirlitsmanna	14
4.2 Jákvæðni gistinguáeigenda gagnvart hundum	15
4.2.1 Blindrahugar	16
4.2.2 Aðstaða	16
4.3 Neikvæðni gistinguáeigenda gagnvart hundum.....	17
4.3.1 Svartir sauðir	18
4.4 Gisting og búskapur.....	20
5 Markhópur með eftirspurn.....	22
6 Lokaorð.....	25
Heimildir	27
Viðauki.....	30

Töflur

Tafla 1. Flokkun viðtala eftir hundareglum viðkomandi gististaðar	10
---	----

Þakkir

Ég þakka Karli Benediktsyni leiðbeinanda mínum aðstoðina. Móður minni Mörtu umhyggjuna og umönnunina á meðan ritgerðin var skrifuð og vinum mínum fyrir aðstoð, yfirlestur og uppörvun þennan tíma.

1 Inngangur

Í hinum ýmsu nágrannalöndum eru hundaeigendur farnir að hafa aukið vægi í samfélaginu. Fjöldi þeirra er orðinn slíkur að hann er marktækur hópur í viðskiptum. Virðist sú þróun vera að koma hingað til lands. Hundar eru farnir að vera mikilvægur hluti af mörgum fjölskyldum og þar með af neylusamfélaginu, sem sést t.d. á fjölda gæludýrabúða. Auglýsingar eru stundum látnar höfða til hundaeigenda. Sumir hundaeigendur líta á hunda sína sem börnin sín og vilja gjarnan ferðast með þá. Víða eru hundar taldir hinu bestu ferðafélagar (Travelhorizons, 2009) og eru til ferðahandbækur erlendis fyrir fólk sem ferðast með hundinn sinn. Slíkar ferðahandbækur lýsa til dæmis hótelum og áhugaverðum áfangastöðum fyrir hunda og eigendur þeirra (Long, 2004).

Í þessari ritgerð er skoðað hvernig er að ferðast um á Íslandi með hunda. Þetta er gert með því að taka viðtöl við eigenda fimmtán mismunandi gististaða og grennslast fyrir um skoðanir þeirra á þessu málefni. Hugmyndin að ritgerðarefninu kviknaði við lestur ritgerðar Evu Daggar Kristjánsdóttur (2007), sem fjallar um strangar reglur um hundahald í Reykjavík. Ástæða fyrir vali þessa tiltekna málefnis er almenn fjölgun hunda sem gæludýra hérlendis (Hundaræktarfélag Íslands, 2010) og fjölgun ferðalaga Íslendinga með hunda sína innanlands. Þó þróunin sé í þessa átt bannar reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 eigendum gististaða að hleypa hundum inn á gististaði.

Almennt er því ekki gert ráð fyrir að fólk fari með hunda inn á hótél á Íslandi. Enda lýsa orð líkt og hundagisting eða hundahótél ekki stöðum þar sem að einstaklingar fá að fara með hund inn á gistirými, heldur geymslustöðum fyrir hunda þegar eigendur þeirra eru á ferðalagi. Í þessari ritgerð er notað orðið hundavæn gistiaðstaða til að lýsa gististöðum sem leyfa fólki að koma með hunda sína.

Athugað er hvort heilbrigðisfulltrúar og gististaðaeigendur vita um viðkomandi reglugerð og fulltrúar heilbrigðiseftirlita spurðir hvort ákvæðum reglugerðarinnar hafi verið fylgt og hvort eigendur gististaða hafa verið kærðir fyrir að leyfa hunda.

Þörf á gistiaðstöðu fyrir hundaeigendur með hunda sína er að aukast og í þessari ritgerð er reynt að varpa ljósi á ástand þessara mála í dag í þeirri von að það komi af stað umræðu um að leyfa hunda inni á gistirýmum. Þjónusta við hunda og hundaeigendur er vannýtt markaðstækifæri í ferðapjónustu hérlendis og má líta svo á að reglugerð um hollustuhætti sporni gegn þróun í þá átt.

2 Hundar, fólk og ferðapjónusta

Hundar voru fyrstu dýrin sem maðurinn tamdi og hafa þeir þróast með manningnum allar götur síðan og fluttust þeir með landnámsmönnum hingað til lands. Hér fyrir á öldum voru hundar taldir brýnni eign en börn og auðveldara var að fá gefins barn heldur en að kaupa hunda frá bændum (Jón Helgason, 1966). Í þá tíð sváfu hundar gjarnan uppi í rúnum og borðuðu af diskum eigenda. Þetta breyttist verulega eftir að það uppgötvaðist að sníkill í hundum orsakaði sullaveiki í mönnum (Ágúst H. Bjarnason, 2001). Var hundum þá fækkað allverulega og þeir bannaðir á mörgum þéttbýlisstöðum. Í dag hefur sullaveikinni verið útrýmt (Helga Finnsdóttir, 2007) en þrátt fyrir það virðist það lifa enn með þjóðinni að hundar séu óhrein dýr sem eigi ekkert með að búa innan um fólk eins og tíðkaðist forðum.

2.1 Villidýr eða besti vinur mannsins?

Eitt af þeim viðhorfum sem einstaklingar hafa til hunda felst í því notagildi sem hann hefur fyrir manninn, í því hvernig hundar geta þjónað manningnum og verið honum til yndisauka (Guðrún Petersen, 1990). Notagildi hunda er margvíslegt. Þeir nýtast til að mynda í baráttu gegn eiturflyfum, leit í snjóflóðum, sem og veiðifélagar eða sem hjálpartæki fyrir hreyfihamlaða og blinda. Sumir vísindamenn halda því fram að það sé gott fyrir heilsuna að eiga hund. Það geti lækkað blóðþrýsting og kólesteról, minnkað streitu og jafnvel dregið úr exemsútbrotum og astma hjá börnum. Auk þess á gæludýraeign að styrkja ónæmiskerfið og draga úr hjartaáföllum (Davis, 2004). Á Íslandi eru hundar notaðir til að draga úr einmanaleika og auka vellíðan einstaklinga á sjúkrahúsum og elliheimilum (Katrín Lilja Ævarsdóttir, 2007). Hlutverk heimilishunda er gjarnan að veita félagskap og draga þannig úr einmanaleika. Hundar gegna nú mikilvægara félagslegu hlutverki í lífi mannfólks heldur en áður tíðkaðist (Carr & Cohen, 2009) og í sumum tilfellum koma þeir í stað barna. Barneignum hefur fækkað á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2010c) og núna eru fleiri ógiftir eða fráskildir einstaklingar heldur en hér áður fyrir (Hagstofa Íslands, 2010a). Til að bæta upp einmanaleikann og þörf fyrir umhyggju hafa sumir tekið upp á því að fá sér hund sem gæludýr. Hundar eru iðulega manngerðir af eigendum sínum, sem sumir klæða þá í föt eða kalla þá börnin sín og gefa þeim jólagjafir (Eva Dögg Kristjánsdóttir & Karl Benediktsson, 2007). Enn fremur er víðast hvar litið á það sem siðferðislega rangt að borða þá, líkt og er með mannát.

Í mörgum löndum mega hundar vera í verslunum, hótelum og strætisvögnum svo fátt eitt sé nefnt. Í Þýskalandi fá hundar stundum hlýrri móttökur heldur en börn, þar sem litið er svo á að börn séu hávaðamengun. Til eru dæmi um að veitingastaðir meini börnum yngri en tólf ára aðgang en hundar eru velkomnir (Barkow & Zeidenitz, 2010). Hérlandis er aftur á móti óalgennt að sjá hunda í almennum rýmum þó til séu dæmi um það, enda vilja margir hundaeigendur hafa með sér hundinn í daglegu lífi. Svo dæmi sé tekið hefur búðareigandi

Forynju á Laugaveginum og heimilislæknirinn Árni T. Ragnarsson hundinn sinn með sér í vinnuna. Hundaeigendur vilja einnig geta haft hundinn með sér í frístundum og þar eru ferðalög engin undantekning. Fleiri og fleiri Íslendingar eru farnir að líta á hundinn sinn sem hluta af fjölskyldunni og vilja taka þá með í ferðalög innanlands (Bauman, 2001).

Ekki hefur hundurinn alltaf verið litinn jákvæðum augum, til að mynda í Biblíunni og Kóraninum er hundum ávallt lýst á neikvæðan hátt (Guðrún Petersen, 1990). Sumir telja þá vera óhreina og að þeir eigi ekki heima í borgum né inni á heimilum fólks (Eva Dögg Kristjánsdóttir & Karl Benediktsson, 2007). Einstaklingar vilja aðgreina menn og dýr með athöfnum líkt og að segja að það megi ekki gefa hundum mannanöfn eða meina hundum að koma inn í stofu eða á ýmis útivistarsvæði. Vegna þessa sjónarmiðs, þar sem hundur er ekki manneskja, njóta hundar ekki sömu réttinda og menn. Umsjónarmenn ýmissa ferðaþjónustustaða eiga það til að meina hundum aðgengi. Hundar mega ekki koma á hátíðir (t.d. Fiskidaginn mikla á Dalvík) fara inn á náttúruperlur (t.d. Geysi) eða ganga á göngustígum (t.d. Fólksvangnum Haga á Neskaupstað). Ferðaþjónusta bænda (2011) og ýmsir aðrir aðilar tala um að gera gistaðstöðu aðgengilega öllum, en þá er ekki verið að tala um hunda enda eru þeir ekki fólk. Samkvæmt Trip Advisor (2010) þá valda hundar mörgum ferðalöngum óþægindum vegna ofnæmis, hávaða, hundaskíts, sem og þegar eigendur koma með hunda á óviðeigandi staði eða heimta að hundurinn þeirra sé meðhöndlaður sem manneskja. Það er ljóst að ferðaþjónustuaðilar verða að finna hinn gullna meðalveg milli hundaeigenda og þeirra sem ekki eiga hunda svo þeir geti ferðast um landið í sátt og samlyndi.

2.2 Hundurinn og markaðurinn

Í janúar 2010 voru 317.630 manns búsettir á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2010c) og um 15.000 hundar skráðir á landinu (Hundaræktarfélag Íslands, 2010) sem þýðir að um 5% Íslendinga áttu hund eða um 8% heimila (Hagstofa Íslands, 2006). Aftur á móti eru ekki inni í þessum tölum hundar á lögbýlum, þar sem þeir gegna ekki skráningarskyldu. Auk þess skrá sumir einstaklingar ekki hunda sína, til að losna undan skráningargjöldum (Eva Dögg Kristjánsdóttir & Karl Benediktsson, 2007). Ef borin er saman hundaeign á Íslandi, Ástralíu og Bandaríkjunum kemur fram gríðarlegur munur. Í Bandaríkjunum eiga 63% íbúa hund (Karp, 2007) og í Ástralíu eiga 37% íbúa hund (Carr & Cohen, 2009). Þessar tölur eru langtum hærrí en hundaeign hérlendis, en þessi lönd eru öll velmegunarlönd.

Gæludýrahald er fylgifiskur velmegunar (Sveinn Eggertsson, 1990) og sama má segja um ferðalög til afþreyingar. Meðal velmegunarþjóða hefur því aukist löngunin til að ferðast með gæludýri sínu, ekki síst hundi. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Ástralíu vildu 95,8% hundaeigenda ferðast með hundana sína en aðeins 25% þeirra gerðu það í raun og veru (Carr & Cohen, 2009). Í Bandaríkjunum ferðast aðeins um 18% einstaklinga með hundana sína með sér (Travelhorizons, 2009) þó sögðu 28% amerískra hundaeigenda frekar vilja ferðast með hundinn sinn heldur en með makanum (AAA, 2009). Þetta stóra bil á milli eftirspurnar og hegðunar hundaeigenda, er e.t.v. vegna skorts á aðstöðu fyrir hunda s.s. göngustíga, gistaðstöðu, matsölustaði o.fl. líkt og hérlendis. Ætla má að sumir hundaeigendur sleppi því að fara í ferðalög eða forðist ákveðna staði vegna þess að

hundurinn þeirra er ekki velkominn (Carr & Cohen, 2009). Samkvæmt sömu rannsókn voru 85% þátttakenda tilbúnir til að greiða meira fyrir gistirýmið en hefðbundinn gestur, ef þeir fengju að hafa hundinn meðferðis (Carr & Cohen, 2009). Þarna er því markaðstækifæri fyrir þá gististaðaeigendur og eigendur afþreyingarfyrirtækja í ferðaþjónustu. Mikilvægi hundaeigenda hefur vaxið mjög í markaðslegu tilliti, þar sem hundaeigendur virðast eyða töluverðum fjármunum í gæludýrin sín og þá ekki aðeins hvað varðar grunnþarfir þeirra, heldur einnig í ýmsa munaðarvöru sem aðeins er ætluð hundum. Ást Íslendinga á hundum fer vaxandi og eyða Íslendingar tugum þúsunda í vörur fyrir hundana sína, hvort sem er í föt, leikföng eða annan munað (Þórunn Árnadóttir, 2007). Því til staðfestingar eru fjölmargar gæludýraverslanir á höfuðborgarsvæðinu. Fólk sem á hreinræktaðan hund er líklegur til að vera í góðum efnum, þar sem þannig hundar kosta gjarnan 180–250 þúsund krónur (uppl. í tölvupósti frá Kristlaugu E. Gunnlaugsdóttur, starfsmanni á skrifstofu Hundaræktarfélagi Íslands). Eigendur hreinræktaðra hunda vilja eflaust ferðast með hunda sína á hundasýningar, til að heimsækja vini og ættinga eða til að virða fyrir sér landið með besta vininum.

Mörg gistiheimili leggja alla krafta sína í að draga að erlenda ferðamenn en gleyma því e.t.v. að það er einnig stór hópur Íslendinga sem ferðast innanlands. Íslendingar eru að fara í afmæli, námskeið, fermingar, þorablót og margt fleira. Þessir Íslendingar eiga sumir hund og eru margir hverjir fyrirmyndargestir. Þessu til staðfestingar má vitna í viðtal við hóteleiganda sem birtist í dagblaði fyrir nokkrum árum:

Ég hef stjórnað þessu hóteli í mörg ár. Í öll þessi ár hef ég aldrei vitað til þess að hundur steli handklæðum, rúmfötum, silfurbúnaði eða veggmyndum. Ég hef þar að auki aldrei þurft að reka hund út um miðja nótt fyrir fyllir og læti, og ég hef aldrei orðið fyrir því að hundur hlaupist á brott án þess að greiða reikninginn. Ef hundurinn þinn mælir með þér, þá ertu velkominn. (Eva Hreinsdóttir, 2002).

Þarna má sjá að hundar eru ekki endilega óvelkomnir gestir. Það getur hentað sumum gististaðaeigendum að leyfa hunda og þar með auka nýtingu gistirýma. Gistihúsaeigendur sem gera út á hundavæna gistaðstöðu er markaðstækifæri sem enn hefur ekki verið nýtt að fullu hérlendis, sérstaklega þar sem ferðalög innanlands fara vaxandi. Það er spurning hvort og hvenær eftirspurninni um hundavæna gistaðstöðu verður fullnægt og þar með fari ferðaþjónustan að færast betur inn á innlandan markað, sem er líka virkur á veturna þegar færri erlendir ferðamenn heimsækja Ísland (Ferðamálastofa, 2011a).

2.3 Hundavænir gistimöguleikar

Ef farið er á netið og leitað að gistimöguleikum á Íslandi sem bjóða hunda og hundaeigendur velkomna koma ýmsir möguleikar í ljós. Á síðu Hundaræktarfélagi Íslands (á.á.) koma upp 36 gistiheimili og hótél um allt land. Á íslenska hluta heimasíðunnar www.is.visiticeland.com sem er í eigu Ferðamálastofu er listi yfir 79 hundavæna gististaði af mismunandi toga (Ferðamálastofa, 2010a). Til dæmis er gistihúsaeigandi á Suðurlandi með tvo íslenska hunda í sinni eigu og gerir út á að fá ferðamenn frá Svíþjóð sem koma gagngert til að skoða hundana. Í þessari tilteknu gistaðstöðu eru hundarnir hluti af lífsstíl

gistihúsa eigendanna og aðráttarafl staðarins. Aftur á móti virðist enginn gistihúsa eigandi sérhæfa sig í hundavænni gistiaðstöðu hérlendis. Sömu sögu mátti segja í Bandaríkjunum áður fyrr: It used to be that bringing your dog along on a trip meant sneaking them in and out of the hotel through a side door (Long, 2004, 7). En árið 2006 var um helmingur allra hótela í Bandaríkjunum hundavænn, samkvæmt American Hotel and Lodging Association (Karp, 2007). Á sumum hótélum í Bandaríkjunum eru dæmi um að hótél bjóði gestum upp á að starfsmaður fari með hundinn í göngutúr, hundarúm, nudd fyrir hunda og sérstakan matseðil fyrir hina fjórfættu vini, allt til að laða til sín hundaeigendur. Mörg hótél reyna að laða til sín t.d. barnafólk, viðskiptafundi og brúðkaup, en eftir að hótélkeðjan Loews í Bandaríkjunum hóf að gera út á hundaeigendur árið 2000 hafa margar aðrar hótélkeðjur fylgt í fótspor þeirra (Long, 2004). Sum hótél hafa reyndar þyngdar- eða tegundatakmarkanir á hvaða hundar eru velkomnir sem dregur úr fjölbreytileika þeirra hunda sem geta ferðast (Long, 2004).

Ein ástæða fyrir að gistiheimilaeigendur hérlendis hafa ekki viljað færa út kvíarnar með því að leggja áherslu á hundavæna gistingu, er m.a. sú að sumum finnst ekki við hæfi að hafa hunda á gististöðum. Það að leyfa hunda á gistiaðstöðunni, getur dregið úr vilja þeirra sem er illa við að umgangast hunda, að nýta gistingu (Belcher, 2011). Amerísk rannsókn leiddi í ljós að gistiheimilaeigendur sem auglýsa gistingu sína með sérstaka áherslu á hundaeigendur, verða þess áskynja að það dregur úr vilja þeirra sem eiga ekki hunda til að nýta gistiaðstöðuna. Í raun draga auglýsingarnar úr áhuga gesta sem ekki eiga hunda og ýta sárlítið undir áhuga hundaeigenda (Belcher, 2011), þar með er það varhugavert að fara þessa leið. Til að leysa þann vanda að þurfa ekki að velja á milli þessara tveggja markhópa geta gististaðaeigendur gripið til ýmissa ráða. Til að mynda boðið upp á sér aðstöðu fyrir hunda þar sem þeir eru aðskildir frá öðrum gestum (Wolff, 2003).

2.4 Lög og reglur

Í íslenskum lögum er ekkert sem skýrt kveður á um að gæludýr séu ekki leyfð á gististöðum (Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2005) né að vernda þurfi sérstaklega fólk með fæðu- eða dýraofnæmi, þó gæta þurfi þátta sem geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings (Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998). Það er hins vegar í reglugerð um hollustuhætti sem kveðið er á um hvar hundar og önnur gæludýr megi ekki vera:

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3... Heilbrigðisnefnd er heimilt, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar að veita undanþágu til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðis- og meðferðastofnunum. (Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, 19. gr., Hreinlæti og dýr)

Í fylgiskjalinu sem vísað er til í greininni kemur fram að hundar séu ekki velkomnir á gististöðum, veitingastöðum og víðar. Viðurlög við broti á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem reglugerðin um hollustuhætti byggist á, eru fjársektir eða fangelsi í allt að fjögur ár (Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, 33. gr.). Stundum er

brugðið á það ráð að afturkalla starfsleyfi gististaða, en þar sem ýmsar íbúðir og gistiheimili á höfuðborgarsvæðinu eru án starfsleyfa eða allt að 1238 rúm (Ferðamálastofa, 2011b) má segja að það stöðvi ekki marga að starfa án starfsleyfis.

Hjálparhundar eru undanskildir þessari reglugerð:

Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi og samkomuhús, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur (Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, 19. gr.).

Aftur á móti virðist ekki vera nein skýr skilgreining á því hvað hjálparhundur er. Í Hugtakasafni Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins (Utanríkisráðuneytið, á.á.) er hjálparhundur þýðing á enska hugtakinu *guide dog*, sem er hundur sem hefur hlotið sérstaka þjálfun í að aðstoða blindan eða sjónskertan einstakling. Þar með teljast ekki hundar sem sérstaklega hjálpa fólki með hreyfihömlun eða annarskonar fötlun. Ekki er heldur átt við aðra hunda sem eru sérþjálfaðir, líkt og fíkniefna-, leitar- eða björgunarsveitahunda. Þar með er hægt að skilgreina orðið hjálparhund sem hund sem aðeins aðstoðar blinda einstaklinga sem er helst til of þröng skilgreining. Á hinn bóginn væri líka hægt að skilgreina hjálparhund sem hvern þann hund sem er hjálplegur. Þar með væri hægt að merkja nær hvaða hund sem er með skilti sem á staði hjálparhundur og þá væri hann samkvæmt reglugerð heimilaður inn á nær hvaða stað sem er.

Þessi reglugerð, sem bannar hundum aðgang að ýmsum mannvirkjum, er byggð á ótta við hunda. Það er líkt og hundar séu taldir til meindýra þar sem þeir geta valdið tjóni á eigum fólks eða heilsu. Þeim geta fylgt sjúkdómar, þeir geta verið ofbeldisfullir eða valdið ofnæmi. Sveitarfélög geta þó gert sérstakar undanþágur um gæludýrahald og hafa þau mörg hver bannað hundahald nema að uppfylltum skilyrðum, s.s. að hundaeigendum beri að sjá til þess að dýrin valdi öðrum ekki ónæði (Heilbrigðiseftirlit, 2011). Þetta þýðir að ekkert óeðlilegt er við að gistihúsa eigendur setji þá reglu að hundaeigendur séu ábyrgir fyrir hegðun hunda sinna líkt og einstaklingar eru ábyrgir gjörða sinna.

2.5 Ástæður hundabanns

Helstu ástæður fyrir því að hundar eru bannaðir á gistiheimilum hérlendis eru ótti við ofnæmi, fælni, og hugsanlega smithætta af völdum hunda. Enda tilheyrir reglugerðin sem bannar hunda inn á gististaði undir mengunarvarnir. Hundar geta og hafið valdið ákveðnum einstaklingum óþægindum og hefur það stutt þá ákvörðun að banna hunda á ýmsum almennum stöðum.

2.5.1 Ofnæmi

Einstaklingum með ofnæmi hefur fjölgað á Íslandi á síðustu árum og auk þess hafa komið upp mismunandi gerðir ópols, ofnæmis og bráðaofnæmis. Það sem kallar fram ofnæmisviðbrögð hjá einstaklingum er mismunandi milli fólks. Allt frá því að þurfa einungis að sitja við hlið einstaklings sem hefur borðað eða strokið einhverju sem sá sem

er með ofnæmi hefur óþol fyrir, út í það að verða að komast sjálfur í beina snertingu við ofnæmisvakann.

Helstu einkenni dýraofnæmis eru hnerri, kláði, tárarennslí og jafnvel ofsabjúgur og astmi. Það sem vekur upp dýraofnæmi getur verið til staðar í marga mánuði eftir að dýrið er farið og getur ofnæmisvaki loðað við t.d. í gluggatjöldum eða rúmfötum og jafnvel verið í andrúmsloftinu í fleiri klukkutíma. Vakar geta borist með fólki inn í byggingar jafnvel þó að dýrið hafi aldrei stigið þar loppu inn (Unnur Steina Björnsdóttir & Davíð Gíslason, 2002). Þetta þýðir að þeir sem eru viðkvæmir fyrir ofnæmisgjöfum geta til að mynda ekki gist á sveitabæjum þar sem hundar eiga heima á bænum og fá ofnæmiskast ef hundur fyrri gests hefur einhvern tímann fengið að vera inni á herberginu (Jónína Leósdóttir, á.á.).

Um 6% Íslendinga hafa ofnæmi fyrir hundum, en það er mun lægra en á hinum Norðurlöndunum. Þessu til samanburðar má nefna að 15% Íslendinga eru með fæðuofnæmi (Davíð Gíslason, Eyþór Björnsson & Þórarinn Gíslason, 2000). Samt sem áður eru settar reglugerðir hérlendis um að vernda þurfi mannfólk sérstaklega fyrir hundum, sem er ein af ástæðum þess að hundum er meinaður aðgangur að gistirýmum.

2.5.2 Fælni

Um 18.500 Íslendingar hafa einhverskonar fælni, hvort sem er einföld fælni, félagsfælni eða víðáttufælni (Kvíðameðferðastöðin, 2011). Einföld fælni er óraunhæfur ótti við hluti eða aðstæður líkt og geitunga, sprautur, tannlækna eða hunda. Fælni er lærð hegðun (Nolen-Hoeksema, Fredrickson, Loftus, & Wagenaar, 2009). Meðhöndlun á fælni er tiltölulega einföld miðað við aðra sálræna örðugleika en samkvæmt atferlisfræðingum felst meðferðin í að takast á við óttann og eru námskeið í boði hérlendis til að læra það (Kvíðameðferðarstöðin, 2011).

Þröngir gangar á hótelum geta eflaust skapað óttaviðbrögð sumra gesta ef þeir til að mynda mæta stórum Schäfer-hundi, á meðan þeir ganga til herbergis síns. Telja má að ein af ástæðum fyrir því að hundar eru bannaðir víðsvegar á almannafæri og á gististöðum sé vegna ótta sumra einstaklinga við hunda, sem er ein af algengustu tegundum af fælni í heiminum (Cherry, á.á.).

2.5.3 Veikindi frá hundum til manna

Samkvæmt reglugerð um hollustuhætti (941/2002, 57gr) verður að fyrirbyggja sýkingar í mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum árlega. Annars eru fáir smitsjúkdómar sem herja á hunda á Íslandi nú til dags (Brynjólfur Sandholt, 2004). Sullaveiki herjaði á Íslendinga í fleiri aldir og á 19. öld voru 20% Íslendinga með sullaveiki. Þeirri veiki hefur verið útrýmt á Íslandi (Morgunblaðið, 2001) ásamt höfuðsóttar- og gúrkukjarnabandormum (Brynjólfur Sandholt, 2004). Aftur á móti eru nokkrar aðrar ormategundir til í hundum. Hægt er að fá salmonellusýkingu og gulusótt af hundum en það hefur sjaldan gerst. Almenn tæra hundar ekki flær líkt og kettir gera, en aftur á móti getur háarsekkjamaur og húðmaur farið frá hundum í menn (Brynjólfur Sandholt, 2004).

Fyrir 1989 var bannað að flytja inn hunda erlendis frá (Brynjólfur Sandholt, 2004) svo þessi hundamenning er tiltölulega ný á Íslandi. Hundar á Íslandi hafa færri sjúkdóma

sem geta borist frá hundum til manna heldur en tíðkast í öðrum löndum. Til að mynda hafa hundaæði og hundapest ekki borist hingað til lands. Fáir hundasjúkdómar hafa komið upp hér á landi, því þetta er tiltörulega einangruð eyja og aðeins hundar sem standast heilsufarsskoðun erlendis og hafa verið í einangrun í 4 vikur í Hrísey eða á Reykjanesi fá inngöngu í samfélag almennings (Matvælastofnun, á.á.). Samt sem áður telja sumir það óviðeigandi að hundar sofi uppi í rúmi eða komi í matarrými af ótta við að veikjast. Þrátt fyrir að litlar líkur séu á því að fólk verði veikt við að umgangast hunda má gera ráð fyrir að ótti við hugsanlegar sýkingar eða önnur veikindi sem hundar geta valdið mönnum, sé tilefni þess að hundar eru ekki leyfðir á ýmsum almennum stöðum s.s. gistiaðstöðum.

2.6 Samantekt

Hundurinn hefur verið besti vinur mannsins í þúsundir ára. Þrátt fyrir það virðist sem svo að íslenskt nútímasamfélag hafi þróast í þá átt að vilja skilja hunda frá mönnum þar sem hundar eru taldir tilheyrja til sveita líkt og kýr eða kindur. Í langan tíma bjuggu húsdýr og menn afar náið saman en nú er stefnan að skilja að dýr frá borgarmenningu. Þar sem hundar eru álitnir eiga heima uppi í sveit eða frammi á gangi en ekki inn í stofu er eitthvað sem að öllum líkindum er að breytast. Í mörgum fjölskyldum eru hundar álitnir fjölskyldumeðlimir og háum fjárhæðum er varið í lækniþjónustu, gjafir og annað.

Hundar geta verið hinir bestu ferðafélagar og eru til þó nokkur gistiheimili sem leyfa hunda þó til sé reglugerð sem bannar hundum inngöngu inn á hvers kyns gistiaðstöður eða í annars konar samkomuhús. Ef til vill byggist þessi reglugerð á ótta við að hundar geti valdið ofnæmi, veikindum eða líkamlegum meiðslum á mannfólki. Í ýmsum fyrsta heims ríkjum eru hundar velkomnir á gistiheimilum og mætti spá því að Íslendingar eigi eftir að fylgja þróun þeirra landa í því að bjóða hunda velkomna á fleiri staði og þá ekki síst á gististaði. Síðar í ritgerðinni er samantekt á viðtölum við ýmsa gistiheimiliseigendur þar sem skoðanir þeirra og reynsla af hundum og gistiaðstaða þeirra könnuð.

3 Gögn og aðferðir

Rannsókn þessi var gerð með að taka hálfstöðluð viðtöl við fimmtán eigendur gististaða bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Gistihúsaeigendurnir voru fundnir með því að skoða heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands en þar er listi yfir gistiaðstöður þar sem hundar eru leyfðir. Einnig er skoðuð heimasíðan *gisting.is* þar sem er listi yfir ýmsa gististaði. Erfitt reyndist að finna viðmælendur sem ekki leyfðu hunda til þátttöku í rannsókninni. Ef til vill vegna þess að þetta er ágreiningsefni sem fólk vill síður tjá sig um, sér í lagi ef það hefur neikvæðar skoðanir gagnvart hundum eða hundaeigendum. Enda vita ekki allir gistiheimiliseigendur af reglugerðinni sem bannar hunda. Voru því margir viðmælenda þessarar rannsóknar einstaklingar sem leyfa hunda undir ákveðnum kringumstæðum. Eigendur gististaða og gististaðirnir eru ekki nafngreindir vegna brota á reglugerð um hollustuhætti, þó að enginn af viðmælendum hafi verið smeykur við að gefa leyfi til þess.

Aðeins einstaklingar búsettir hérlendis ferðast með hunda sína innanlands. Íslendingar eru frekar gestir á landsbyggðinni heldur en í Reykjavík og nágrenni. Viðmælendur voru valdir með tilliti til þess ásamt staðsetningu gististaða bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Reynt var að gæta fjölbreytileika við val á viðmælendum þar sem talað var við hóteleigendur, gistihúsaeigendur, sumarhúsaeigendur, bændur í ferðaþjónustu, tjaldsvæðaeigendur og aðila sem ráku farfuglaheimili. Farið var um Norðurland vestra í viku í lok febrúar 2011 og tekin viðtöl við eigendur gististaða á því svæði. Ástæða þess að sá landshluti varð fyrir valinu var að þar var í boði góð aðstaða til að vinna útfra. Spurningar voru valdar miðað við hvort viðmælendur leyfðu hunda, leyfðu þá í ákveðnum tilvikum eða leyfðu þá alls ekki. Spurningarnar voru settar upp í tvo flokka, einn fyrir þá sem leyfðu hunda og annar fyrir þá sem leyfðu þá ekki (sjá viðauka).

Send var fyrirspurn um reglugerðir og lög á lögregluvefinn og hringt var eða sendur netpóstur á embætti heilbrigðiseftirlita allra landshluta sem eru tíu talsins. Spurt var um refsingar og áminningar sem hefði hugsanlega verið beitt gagnvart eigendum gististaða. Hringt var í laganema, lögfræðing og dómara til að grennslast fyrir um hvernig refsingum væri háttað við brot á reglugerðum. Hringt var í tíu gististaði í öllum landshlutum til að finna út hvort hundar væru leyfðir og þeir valdir útfra lista hundavænna gististaða á heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands.

Tafla 1. Flokkun viðtala eftir hundareglum viðkomandi gististaðar

Dags.	Viðtal	Gistiaðstaða	Hundar leyfðir?	Blindrahundur?	Staður
16.feb	R1	Gistiheimili	Nei	Leyft	Suðurnes
		Smáhýsi	Já		
		Tjaldsvæði	Já		
22.feb	NV1	Gistiheimili	Stundum	Leyft	Norðurland v.
		Sumarhús	Nei		
		Tjaldsvæði	Já		
18.feb	H1	Heimagisting	Nei	Leyft	Höfuðborgarsv.
		Gistiheimili	Nei		
		Smáhýsi	Já		
18.feb	H2	Heimagisting	Já	Leyft	Höfuðborgarsv.
22.feb	NV2	Hótel	Já	Leyft	Norðurland v.
28.feb	H3	Hótel	Nei	Leyft	Höfuðborgarsv.
16.feb	V1	Bændagisting	Nei	Ekki leyft	Vesturland
		Smáhýsi	Nei		
		Tjaldsvæði	Já		
16.feb	H4	Hótel	Já	Leyft	Höfuðborgarsv.
16.feb	R2	Hótel	Já	Leyft	Reykjanes
25.feb	NV3	Bændagisting	Nei	Ekki leyft	Norðurland v.
		Tjaldsvæði	Já		
22.feb	NV4	Sumarbústaður	Já	Leyft	Norðurland v.
23.feb	NV5	Heimagisting	Nei	Leyft	Norðurland v.
		Smáhýsi	Nei		
16.feb	S1	Gistiheimili	Stundum	Leyft	Suðurland
		Smáhýsi	Nei		
		Tjaldsvæði	Já		
22.feb	NV6	Bændagisting	Nei	Ekki leyft	Norðurland v.
		Íbúðarhús	Nei		
23.feb	NV7	Hótel	Nei	Leyft	Norðurland v.

4 Viðmót gistihúsaeygenda í garð hunda

Allir viðmælendur eru sammála því að ekki ætti að leyfa hunda inni í öllum rýmum gististaða ef það truflar aðra gesti eða aðra stafsemi s.s. búskap. Lykillinn að því að leyfa hunda á gististöðum samkvæmt öllum viðmælendum er að skapa rétta aðstöðu fyrir hundaeigendurnar. Til dæmis má nefna að allir tjaldstæðaeigendurnir heimiluðu hunda, enda er það skoðun margra að hundar eigi heima utandyra. Flestum gististaðaeigendum finnst það ekki við hæfi að leyfa hunda inni á matarsvæðum, s.s. í eldhúsi eða borðsal, eða í öðrum almennum rýmum s.s. á göngum. Allir viðmælendur eru sammála um að hundar eigi að vera á ábyrgð eigenda sinna og í þeirra umsjá á meðan á dvöl stendur, svo hundarnir fari sér síður að voða. Eru allir viðmælendur smeykir við hundaofnæmi en í mismiklum mæli og virtist þekking flestra gististaðaeigenda á hvernig ofnæmi virkar, vera ófullnægjandi. Viðmælendur eru sammála því að því fylgja meiri þrif að leyfa hunda inn á gistiaðstöðunni þar sem þeir fara úr hárum og það getur komið ólykt af þeim. Fæstir viðmælenda eru smeykir við skemmdir af völdum hunda hvort sem var vegna þess að þeir myndu eyðileggja rúmföt eða naga hluti. Allir gististaðaeigendurnir forðast að vera með óreglufólk s.s. fíkla sem gesti hjá sér. Einnig eru ungmenni í hópum ekki æskilegir gestir án ábyrgðaraðila. Enda eiga slíkir hópar það til að skemma og svíkjast undan greiðslu. Allir gististaðaeigendur hafa það fyrir reglu að gestir verða að vera eldri en 18 ára eða í fylgt með fullorðnum.

4.1 Ástæður hundabanns gistihúsaeygenda

Hundar hafa fjórar grunnþarfir þær eru; svefn, fæða, hægðir og hreyfing. Til að geta verið með hunda á gistiaðstöðu, þarf að hugsa fyrir öllum þessum þörfum sem og kröfum hundaeigenda. Þetta getur verið vandkvæðum bundið, þar sem hundar eru misstórir og misvel uppaldir. Ekki er nóg að hugsa aðeins fyrir þörfum hunda heldur eru aðrir gestir gistiaðstöðunnar mikilvægur hluti starfseminnar. Huga þarf að þeim kostum og ókostum sem fylgja því að leyfa hunda og þáttum sem gæti dregið úr vilja gististaðaeigenda að gera aðstöðu sína hundavinallega.

4.1.1 Ofnæmi á gististöðum

Eigendur allra gististaðanna eru sammála því að ofnæmi sé stærsti áhættuþátturinn við að leyfa hunda. Á eftir ofnæmi kom sjúkdómahætta sem gæti hugsanlega komið með hundum. Þó hafði enginn viðmælandi lent í vandræðum né fengið kvartanir vegna dýraofnæmis eða viðveru hunda inni á gistiaðstöðu. Til að koma í veg fyrir að gestir fengju ofnæmi eða kvörtuðu undan hundum gripu viðmælendur sem leyfðu hunda til ýmissa ráða. Einn viðmælandi leyfir aðeins hunda „*ef fólk kemur í stórum hóp og hundurinn er hluti af hópnun*“ [S1], þá kvartar síður einhver útaf viðveru hundsins.

Nokkrir af viðmælendum (R1, NV1, NV2, R2, S1 og NV7) fullyrða að þeir leyfi ekki hunda, en gera síðan ýmsar undantekningar. Þeir áttu það allir sameiginlegt að álíta að ef þeir þrifa vel á eftir hundaeigendum kæmi það í veg fyrir ofnæmi næstu gesta. En góð þrif koma ekki í veg fyrir ofnæmi. Einn viðmælandinn gerði „undantekningu fyrir því (að leyfa hunda) svo lengi sem eigendurnir komi með eigin dýnur fyrir þá til að liggja á en hleypa þeim ekki upp í kojurnar“ [NV5]. Það kemur ekki í veg fyrir ofnæmi heldur minnkar þrif.

Á heimagistingu þar sem hundur er til staðar þýðir lítið að banna hunda annarra af ótta við hundaofnæmi (H2). Svo virtist sem viðmælendur séu smeykir við að missa viðskiptahóp sem vill ekki umgangast hunda með því að leyfa hunda. Það er í sjálfu sér erfitt að leyfa báða hópana nema setja gistiáðstöðuna þannig upp að þessir tveir hópar hittist ekki. Einmitt þetta gerðu flestir viðmælandanna með því að hafa t.d. sérherbergi, sérinngang eða sérhús fyrir hundaeigendur og hundana þeirra. Þó hefur viðmælandi NV4 getað verið með báða viðskiptahópana, með því að taka það skýrt fram að gæludýr séu leyfð í bústaðnum. Þar með geta einstaklingar með ofnæmi tekið ofnæmislyf ef á þarf að halda eða sniðgengið gistinguna.

Þeir sem eru með ofnæmi gæta flestir að eigin heilsu og láta gististaðaeigendur gjarnan vita af ofnæmi sínu samkvæmt upplýsingum flestra viðmælandanna. Fólk með ofnæmi hringir gjarnan á undan sér og spyr hvort hundur sé á heimilinu eða yfir höfuð leyfðir hundar til að athuga hvort óhætt sé fyrir þá að gista. Það að fólk með ofnæmi hringi alltaf á undan sér er alls ekki algilt, enda gera sumir einstaklingar ráð fyrir því að hundar séu bannaðir inn á gististöðum. Fólk með ofnæmi er gjarnan með töflur og sprautur á sér til að koma í veg fyrir, eða takast á við ofnæmiskast, en það er erfitt fyrir þessa aðila að passa sig ef þeir fá ekki réttar upplýsingar.

Til eru margskonar ofnæmi og þeir einstaklingar sem vita fyrir hverju þeir hafa ofnæmi eða óþol gæta sín oftast á ofnæmisvökum. Þeir sem eru með matarofnæmi koma oftast með eigin mat því þeir treysta ekki matnum á staðnum (H1, NV1, NV3 og NV5). Flestir gististaðaeigendurnir reyna að taka tillit til matarofnæmis gesta sinna eftir því sem þeir geta enda „verður að taka tillit til fólks sem er með ofnæmi“ [NV5]. Svo virðist sem að það þurfi að gæta sérstaklega að fólki með hundaofnæmi en ekki þeirra sem eru með fiður-, latex-, ilmefna- eða annarskonar ofnæmi. Á mörgum hótélum (NV7 og R2) eru teppi á gólfum og hnetur á barnum þrátt fyrir að astmi og matarofnæmi fyrir hnetum er að verða sífellt algengara.

Fulltrúar heilbrigðiseftirlita ætlast ekki til að eigendur gististaða, hugi að öðrum ofnæmisvöldum en hundum og ef gististaðaeigendur gera eitthvað í þeim efnum, er það einlæg ákvörðun þeirra að bjóða betri aðstöðu fyrir gesti. Hóteleigandinn H3 er eini viðmælandinn sem er með ofnæmisprófaðar sængur og kotta sem og sápur án ilmefna.

4.1.2 Ótti og fælni

Á öllum tjaldsvæðunum gildi sú regla að hundar ættu að vera í bandi vegna hugsanlegrar hræðslu annarra gesta enda „er fullt af fólki hrætt við hunda“ [NV5]. Allir tjaldsvæðaeigendurnir hafa „lent í vandræðum með fólk (hundaeigendur) á tjaldsvæðinu, að fólk virði ekki reglurnar með að hafa hundinn í bandi“ [NV1] enda vilja hundaeigendur

gjarnan hafa hundinn sinn frjálsan og það treystir hundinum sínum til að valda ekki skaða. En það að hundurinn sé laus er ekki spurning um að hann ráðist á fólk. Aftur á móti hræðir nálægð hans einstaklinga með hundafælni, enda „*ef maður er hræddur við hund hefur það truflandi áhrif, mér finnst bara alveg lágmark að fólk hafi hann í bandi*“ [NV1]. Síðan getur hundur ekki einungis skaðað mannfólk, heldur einnig önnur dýr. Viðmælandi NV1 lenti í því að hundar á tjaldsvæðinu fóru í slag með þeim afleiðingum að dýr verðlaunahundur meiddist.

Ferðapjónustubóndinn V1 á tvo hunda á sínum bæ en leyfir ekki hunda inni í smáhýsunum sem hann leigir. Þegar hann sýnir gesti gistiaðstöðuna og verður var „*við að fólk sé hrætt við hundana þá sendi ég þá (mína hunda) heim, loka þá inni eða eitthvað, þeir eru ekkert að gera af sér en sumir eru hræddir við hunda*“ [V1]. Ef til vill má gera ráð fyrir að þeir sem haldnir eru miklum ótta við hunda forðist að gista á sveitabæjum því þar eru gjarnan hundar. Sérstaklega þar sem ólíklegt er að hundar á lögbýlum séu tjóðraðir eða lokaðir inn.

4.1.3 Óþrifnaður, ónæði og skemmdir

Óþrifnaður og ónæði er mikilvæg ástæða þess að mörgum gististaðeigendum finnst ekki við hæfi að leyfa hunda inn á gistiaðstöðu sinni. Eigendur gistiheimila leyfa hunda gjarnan uppá náð og miskunn, til að koma fólk til að ganga betur um. Nokkrir viðmælendur (NV1, NV2 og NV7) líta svo á að þau séu að gera hundaeigendum greiða með því að leyfa þeim að gista, enda má í raun ekki vera með hunda á gististöðum þó viðmælendur viti ekki af þeirri reglugerð.

Eigendur gististaðanna eru allir sammála um að hafa ekki lent í neinum vandræðum með að leyfa hunda. „*Það hafa ekki orðið neinar skemmdir, hávaði eða neitt svoliðis, það (að leyfa hunda) hefur alveg gengið vel*“ [R2]. Viðmælanda NV4 „*var bent á í upphafi (rekstrar) að það borgaði sig ekki að leyfa gæludýr vegna þess að fólk notaði fínu handklæðin til að þvo hundum og þeir pissuðu utan í sófasettið og það væri virkilegur sóðaskapur af þessu.*“ En viðmælandi NV4 hefur ekki orðið fyrir þeirri reynslu. Þó bentu nokkrir viðmælanda á ýmsa vankanta, s.s. gjamm og gól (V1), hundalykt (NV5), hundaskítur utandyra (H1 og NV4) og almennt meiri þrif innadyra (H1, NV4, NV2 og R2). Til að minnka þrif er hægt að bjóða gestum uppá sértakan dúk eða teppi fyrir gestahunda til að minnka hundahár í rúmum gistingarinnar (NV5) eða hafa það sem reglu að þeir eigi að vera í búri (NV7). Einnig er það tilvalin hugmynd að hafa auka þrifagjald eða einfaldlega að hundaeigendur borgi fyrir hund á gistiaðstöðunni líkt og um aukagest væri að ræða (H3). Sumum hundaeigendum finnst sjálfsagt að hundurinn sofi úti í bíl. Þess konar hegðun sýnir „*að þeir (hundaeigendurnir) bera það mikla virðingu fyrir bústaðnum að þeir vilja ekki að hundarnir séu með sóðaskap innandyra*“ [NV4].

Eigendur gististaða sem leyfa ekki hunda eru sammála um að það að leyfa hunda gæti valdið „*ónæði gagnvart öðrum gestum, gelt og svona og svo óþrifnaður*“ [NV2] því það að leyfa hunda kallar á meiri þrif og þar með meiri vinnu. Enginn af viðmælendum óttaðist skemmdir af völdum hunda fyrir utan V1, NV3 og NV6 sem eru allar eldri konur

úr bændastéttinni og ólust upp við að hundar eigi ekki heima inn á heimilum. V1 lenti í því að gestur hleypti hennar eigin hundum inn „sem eyðilagði gólfíð“ [V1]. Af því má læra að þó ekki sé leyft að koma inn með hunda spornar það ekki gegn því að hundar geti komið innfyrr. Annars halda margir viðmælendur því fram að umgengni gesta ráðist að stórum hluta af viðhorfi gesta til gistiheimilisins. Ef gistiheimiliseigendur eru „fyrir náð og miskunn að leyfa hundaeigendum að vera með hunda sína þá ganga þeir betur um“ [NV4] og einmitt þetta gerðu flestir gististaðaeigendur sem leyfðu hunda (R1, NV1, NV2, R2, , S1 og NV7). Enda nefnir V1 að „hundar eru á ábyrgð eigenda sinna svo þeir eiga náttúrulega að þrifa eftir þá.“ Á öllum tjaldsvæðum sem og öðrum gistingum er það regla að eigendur eiga að þrifa úrganginn eftir hundana og er það yfirleitt ekki vandamál.

4.1.4 Sýn heilbrigðiseftirlitsmanna

Embætti heilbrigðiseftirlita í landinu eru tíu talsins og bera þau ábyrgð á að reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 sé framfylgt þ.e. að hundar séu ekki inni á gististöðum. Það kemur ekki fram í reglugerðum að hundar séu bannaðir á tjaldsvæðum.

Ekki eru fordæmi fyrir því að fulltrúar heilbrigðiseftirlitsins hafi beitt þvingunarúrræðum eða refsingum gagnvart gististöðum sem leyfðu hunda þó að það sé skýrt brot á reglugerðinni. „Ekki mér vitanlega...þó hef ég verið hér í 20 ár“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Austurlands) og „það hefur ekki reynt á þetta“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis). Samt sem áður er hægt að finna gistiaðstöður í öllum landshlutum sem leyfa hunda. Þar sem ekki er fordæmi fyrir því að gistiheimiliseiganda sé refsað fyrir brot á reglugerðinni má vona að til þess komi ekki. Þessi reglugerð virðist ekki vera forgangsatriði hjá heilbrigðiseftirlitsfulltrúum. Þrátt fyrir það eru flestir heilbrigðisfulltrúanna afar harðir á því að hundar eru ekki leyfðir inni á gististöðum. Til að mynda sendi fulltrúi heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Álftaness, Hafnarfjarðar og Kópavogs lista í töluþósti yfir hvað bæri að gera ef upp kæmi sú staða að hundur hefði verið inni á gistiheimili:

- 1.Forsvarsmanni er veitt tiltal eða gerð er formleg athugasemd vegna brotsins.
- 2.Komi til ítrekaðs brots eða ef brotið telst alvarlegt er viðkomandi tilkynnt að málið muni fara til heilbrigðisnefndar til ákvörðunar, þ.m.t. hvort veita eigi rekstraraðila áminningu. Forsvarsmanni rekstrar er þá veittur tímasettur frestur til að koma sínum skýringum skriflega á framfæri fyrir nefndina. Nefndin ákveður að teknu tilliti til framkominna gagna hvort áminning sé veitt.
- 3.Frekari brot og mjög alvarleg brot gætu leitt til sviptingar starfsleyfis. Það er þá að ákvörðun heilbrigðisnefndar. Rekstur án starfsleyfis er óheimill.

Heilbrigðisfulltrúi Suðurnesja er sá eini af öllum starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins sem hefur af sjálfsdáðum leitað uppi gistiheimiliseigendur sem leyfa hunda á sínu svæði og veitt þeim tiltal um annaðhvort að hætta að leyfa hunda eða sækja um undanþágu frá reglugerðinni hjá heilbrigðiseftirlitinu. „Ég sá að það er leyft á tveimur stöðum á mínu svæði og fór í eftirlitsferð á annan þeirra og gerði skýrslu“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Suðurnesja).

Sumir fulltrúanna virtust ekki vita af því að hundar væru leyfðir á nokkrum gististöðum á þeirra svæði þó þeir vissu allir af reglugerðinni. „Við höfum ekki þurft að grípa til beinna þvingunarúræða enda skilja þeir sem eru í slíkum rekstri alvöru málsins“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Álftaness, Hafnarfjarðar og Kópavogs). En margir gististaðaeigendur vita ekki að það er bannað að hafa hunda inni á gistingunni og halda að þetta sé „bara ákvörðun“ [H3] sem gistiheimiliseigandinni hefur rétt á að taka. Sem betur fer er fyrsta skref heilbrigðisfulltrúanna að gera athugasemd eða upplýsa gististaðaeigendur um að það sé óleyfilegt að vera með hunda en aðeins virðist vera gripið til þeirra ráða ef kvartað er undan hundum á gistaðstöðunni. „Aldrei komið til þess hjá okkur enda höfum við aldrei fengið ábendingu eða kærú“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Vesturlands). „Það var einu sinni hringt og kvartað og þá veittum við viðkomandi aðila tiltal. Það er við hringdum í hann“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Vestfjarða).

Heilbrigðisfulltrúi Suðurnesja og heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hafa gefið undanþágu fyrir hundum á dvalarheimili en þeim fulltrúum fannst undanþágan ekki eiga við um gistihús. „Við megum ekki gera undanþágur það verður umhverfisráðherra að gera“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Suðurnesja). Heilbrigðisfulltrúi Norðurlands vestra sagðist geta gefið sérstakt leyfi til að heimila hunda enda hefði áður reynt á það með því að gefa undanþágu á þessari reglugerð á dvalarheimilum aldraðra. Sama sinnis er Heilbrigðisfulltrúi Norðurlands eystra sem gefur einnig undanþágu á reglugerðinni en þar skiptir upplýsingaskyldan mestu máli. Þeir vilja jafnframt að gistihúsaeigendur taki það fram við umsókn sína um leyfi til reksturs gistaðstöðunnar, hvort þeir ætla að leyfa hunda. Þeir hafa það ekki sem kröfu að bændur upplýsi gesti um að það sé hundur á bænum eða önnur dýr.

Túlkun allra heilbrigðisfulltrúanna á reglugerðinni er mjög mismunandi og þeir gera ýmsar undantekningar á því hvort hundar séu leyfðir eða ekki. Til að mynda sagði heilbrigðisfulltrúi Vesturlands að „ef hótél er með sérinngang að herbergi þá gengi það upp að leyfa hunda“. Mörgum fulltrúunum fannst reglugerðin eiga vel við um hótél eða gistiheimili sem gera út á útlendinga og þar ættu hundar ekkert erindi. Aftur á móti eru allir heilbrigðisfulltrúar nema fulltrúi heilbrigðiseftirlits Vestfjarða sammála um að sumarhús, einkaheimili og sveitabæir séu undanskildir reglunni, enda ætti enginn „að lóga heimilishundinum“ (fulltrúi heilbrigðiseftirlits Austurlands).

4.2 Jákvæðni gististaðaeigenda gagnvart hundum

Það hefur „bara verið fyrirmyndarfólk“ [R1] sem gist hefur með hunda sína og yfirleitt ekki „neitt vandamál með hundaeigendur og þeir ganga vel um“ [V1] samkvæmt mörgum viðmælendum (R1, V1, NV5 og NV1). Viðmælandi H2 heldur því fram að „eigendur hunda eru reglusamari heldur en Íslendingar sem voru að djamma og það voru virkileg leiðindi útaf því en þeir sem eru að koma með hunda þeir eru ekki svona.“ Einnig eru margir hundaeigendur „mjög þakklátir fyrir að geta verið með hundinn“ [R2] enda er það ekkert sjálfsagt að fá að gista með hundinn sinn.

Besta dæmi um jákvæðni gagnvart hundum kom eflaust frá gistiheimiliseiganda NV4 sem var eitt sinn bitin af gestahundi. „Já sumir eiga virkilega duglega varðhunda“ [NV4]. Það að verða fyrir árás hunds dró ekki úr vilja hennar til að leyfa hunda.

Viðmælandi H1 leyfir hunda í smáhýsi út í garðinum hjá sér og „hundarnir sjást út um gluggann“ [H1] á eldhúsinu á almennu gístaðstöðunni. Þar eru hundarnir engum til ama „það má frekar segja að þetta gleðji mikið“ [H1] ferðamennina sem gísta. Það að hundar séu inni á gístaðstöðunni er stundum „toppurinn á ferðinni“ [H2] hjá sumum gestum. Hóteleigandinn H4 lítur svo á að það „geti verið svolítið skemmtilegt að leyfa hunda ef að öðrum gestum fyndist það vera gaman“ en hann hefur ekki enn fengið fyrirspurn um að hafa hund inni á hótelinu. Sumum viðmælendum (H2, H4, R2 og NV4) finnst hundar „bara fólk og gestir eins og aðrir“ [H1]. Þetta er spurning um viðhorf til hunda og að finnast þeir eiga heima innan um mannfólk en ekki sem meindýr sem þarf að forðast. Sumstaðar er verið að „banna hunda útaf tófunni“ [H2]. Rándýr og plága eru farin að hafa meiri rétt en hundaeigendur. Það að auka rétt hunda er ekki aðeins spurning um fjárhagslegan ágóða heldur hugsjón. Viðmælandi H1 segir að hundar kúnnanna „séu náttúrulega bara úti og mega ekki koma inn í hús nema auðvitað tveir fastakúnnar sem koma alltaf inn að heimsækja mig.“ Hún virðist ekki vera hrædd við ofnæmi né óþrifnað ef hún þekkir hundana, verða þá hundarnir að einstaklingum með sinn eigin persónuleika og þá eiga þeir frekar heima inni á heimilinu.

4.2.1 Blindrahundar

Viðmælendur eru almennt jákvæðir gagnvar blindrahundum – „leyfa blindrahund, að sjálfsögðu!“ [NV2]. Flestir viðmælendur sem ekki leyfa hunda almennt, gera undantekningu fyrir blindra-, fíkniefna- og björgunarsveitahunda. Hjá hóteli H3 eru hundar ekki leyfðir en hóteleigandinn vill „geta séð um alla tegundir fatlaðra og það væri verra ef það er blindur maður og hann fær ekki inni, ég þyrfti að hugsa um þetta.“ Þremur mánuðum síðar er spyrjandi hringdi á viðkomandi hótél og spurði hvort leyfðir væru blindrahundar kváðu þau svo vera.

Hundar sem eru vel þjálfaðir og með tilgang virðast vera í meira áliti en venjulegir heimilishundar. „Það er nauðsynlegt að þeir séu að koma“ [NV7] og þeir gera gagn í þjóðfélaginu. Þeir eru betri í umgengni og hlýðnari en hinn hefðbundni heimilishundur. Aftur á móti eru NV7 og NV5 ekki til í að „leyfa heimilishundinn af því hann fékk ekki pössun“ því þegar öllu er á botninn hvolft þá eru hundar ekki fólk þó að sumar manneskjur séu farnar að koma fram við þá sem slíka.

Aðeins bændagistingarnar NV3, NV6 og V1 leyfðu ekki blindrahunda. NV3 vildi aðeins leyfa þá ef allir aðrir gestir væru sammála því og NV6 fannst hún alls ekki vera með aðstöðu fyrir fatlaða almennt. „Hundur er hundur“ [V1] jóg það er sama hvað hann er þjálfaður hann veldur ofnæmi og óhreinkar líkt og aðrir hundar. Viðmælandi V1 vill „að við látum eitt yfir alla ganga“ og ekki gera upp á milli hunda, sem er í sjálfu sér skiljanlegt.

4.2.2 Aðstaða

Rétt aðstaða virðist vera lykilinn að því að eigendur gístaða sjái sér fært að leyfa hunda. Aðstaða þar sem hundar trufla hvorki aðra gesti né aðra starfsemi. Tjaldsvæði virðast vera góð aðstaða. „Fólk er síður að biðja eitthvað sérstaklega um leyfi (til að mega vera með hund) á tjaldsvæðinu, fólk finnst það vera eðlilegra mál, sem það svo sem er“ [R1]. Það er

nokkuð erfitt að fylgjast með hvort ferðamenn koma með hunda inn á tjaldsvæði og almennt ekki fylgst neitt sértaklega með þeim.

Gistiheimili sem er með útvistarsvæði fyrir hunda, „þar sem þeir trufla ekki nágranna“ [H2] er góður kostur og þannig er það hjá H1, H2, NV4 og S1. Viðmælandi R1 er bæði með gistiheimili og bjálkahús en leyfir aðeins hunda í bjálkahúsunum „því það er sérafmörkuð eining“ og truflar ekki aðra gesti enda sagðist R1 „náttúrliga aldrei hleypa þeim (hundunum) inn í aðalbyggingu hjá mér það er náttúrliga sameiginlegt rými“ og þar finnst viðmælanda R1 ekki við hæfi að hundar komi inn. Engin teppi, slitsterk gólfefni og sérinngangur er góður kostur ef leyfa á hunda. Eigendur gististaða með búskap leyfa síður hunda enda er „ekki hægt að leyfa svona hunda uppi í sveit, þeir gera bara einhvern skandal“ [NV4]. Lausn viðmælanda NV4 á þeim vanda sem ókunnugir hundar valda var að byggja hundhelda girðingu umhverfis bústaðinn. Þannig er hægt að setja upp aðstöðu þar sem hundar fá að hlaupa um frjálssir án þess að verða öðrum eða sjálfum sér til tjóns. Með því er fullnægt einni af hinum fjórum grunnþörfum hundsins, hreyfing og gestir fá að upplifa gleðina við að leyfa hundinum sínum að hlaupa um. Aðstaða líkt og hundaleikvöllur, göngustígar og hundagirðing gefur afþreyingarmöguleika fyrir hund og eiganda.

4.3 Neikvæðni gististaðaeigenda gagnvart hundum

Hundaeigendur með hunda sína eru á mörgum stöðum óvelkomnir og það virðist vera „mjög mikil andúð á hundum frá gamalli tíð í þéttbýli“ (H2) svo sem á veitingastöðum, búðum og jafnvel á Laugaveginum þar sem bannað er að ganga með hunda þó að hundar eigi heima þar.

Gestir gististaða eru „oft öruggir“ [NV4] því þeir vita ekki hvort þeir fá leyfi fyrir gistingu með hundinn sinn og finnst þeir jafnvel ekki vera velkomnir þó að eigendur gististaða skjóti yfir þá skjólshúsi (NV4 og S1). „Það er mjög erfitt að ferðast um með hund ef maður ætlar að nota gistiheimili“ [H2]. H4 rekur hótél þar sem hann hefur „aldrei verið bedinn um að hafa gistingu fyrir hund“ e.t.v. vegna þess að fólk gerir ekki ráð fyrir að hundar sé velkomnir. Hundaeigendum finnast e.t.v. kröfur gistihúsaegenda ekki ásættanlegar. Til að mynda vilja margir gestgjafanna ekki að hundarnir séu uppi í rúmunum. Þeir viðmælendur sem eru hóteleigendur (R2, NV1 og NV7) vilja hafa hundinn í búi inni á herberginu. Flestir viðmælenda vilja ekki hafa hunda inni í eldhúsi eða matsal né í almennum rýmum (R1, NV1, H1, NV2, V1, R2, NV3, NV5, S1 og NV7). „Ég er frekar jákvæðari (gagnvar hundum) svona utandyra, við erum ekki sérlega hrifin af því að hundar séu inn um allt og út um allt þeir (hundarnir okkar) eiga þvottahúsið hérna og eru ekkert að koma inn, en sums staðar (leyfir fólk hundunum sínum að fara)...inn um allt og út um allt“ [V1]. Gistiheimiliseigandi NV3 gat ekki „mælt með að vera með hund inni“ á gistiðstöðu þó það hafi aldrei reynt á það. Viðmælanda V1 fannst „þetta (hundar) ekki eiga heima í svona litlu húsi það er engin forstofa það er ekkert afdrepp“ enda finnst honum hundar ekki eiga að vera í sömu rýmum og heimilisfólk. Í mörgum nágrannaríkjum okkar

er eðlilegt að fara með hunda sína í almenn rými og „útlendingum finnst þetta ósköp eðlilegt“ [H2].

Viðmælandi V1 lenti einu sinni í rökraðum við smáhundaeiganda sem vildi fá að koma með hundinn sinn inn á gistiheimilið hennar og sagði gesturinn: „en þetta er barnið mitt“ en gistiheimiliseigandinn kvað við „Nei hundur er ekki barnið þitt“ [NV1]. Þarna er mismunandi skilgreining á hvað er barnið manns. Hvort barnið manns sé afkvæmi eða lífvera sem manni þykir vænt um og ber ábyrgð á. Viðmælandi H1 segist skilja „hundafólk, þetta er eins og að skilja barnið sitt eftir heima og þetta heftir marga og dregur úr ferðafrelsi.“ Það er skiljanlegt að hundur „er hluti af fjölskyldunni“ [H3] en hundar eru ekki fólk svo að „hundaeigendur hafi voða lítinn rétt eða bara engan“ [H2]. Viðmælandi V1 nefndi dæmi um að „fólk hefur móðgast ef það má ekki vera með kjölturakkann í matsal.“ Snýst þá uppá nef hundaeigenda enda er „þetta voðalega viðkvæmt og mikið tilfinningamál svona eins og börnin þeirra, fólk upplifir stundum eins og það þurfi að vernda barnið sitt“ [V1]. En sem betur fer „taka flestir ábendingum vel“ [V1].

Ef fólk ber hunda sína saman við börn má benda á að börnum fylgja álíka mikil þrif og hundum. Hvernig væri ef fólk sem lítur á hunda sína sem börn myndi aga hundana sína í samræmi við það? Við leiðbeinum börnum okkar og leyfum þeim ekki að góla, skemma né hafa hægðir á stofugólfinu, ætti því ekki að gera sömu kröfur til hundanna? Ef hundurinn hagar sér illa þá er það „meira eigandinn heldur en hundurinn“ [NV5] enda ber eigandinn ábyrgð á honum.

Sumum hundaeigendum finnst það vera fráleitir kröfur að hundar þeirra megi ekki fara og gera allt eins og þeir og fara stundum ekki eftir reglum gististaðaeigendanna. Sumir gestir eru afar tengdir hundum sínum og sofa kannski alltaf með þá hjá sér eða kúra með þá uppi í sófa. Það eru frekar stórir hundar með þykkan feld sem eru vandir á að sofa úti í bíl (NV1). Að sumu leiti er „alveg jafn mikið vesen af Chihuahua hundi og risahundi“ [V1] því báðir hafa sömu grunnþarfirnar. Hundaeigendur vilja gjarnan taka hundinn með sér í ferðalög innanlands, en þurfa að gista í eigin bústöðum, á tjaldsvæðum eða skilja þá eftir á hundahótel. Eitt sinn gátu viðmælendur H2 ekki tekið hundinn sinn með sér í ferðalagið og skyldu þá hundinn eftir á hundahótel sem reyndist verða þeim hræðileg lífsreynsla. „Við skildum hundinn eftir á hundahótel og hún var svo sjokkeruð þegar við komum til baka það var svo hræðilegur aðbúnaður og grimmir hundar í næstu búrum og voru að gelta á hana hún var bara í buri þetta var eins og að setja hana í fangelsi“ [H2]. Að sögn eigenda varð hundurinn fyrir sálfræðilegum skaða eftir dvöl sína á hundahótelinu þar sem hann var aðskilinn frá eigendum sínum og heimili (H2).

4.3.1 Svartir sauðir

NV4 segir að „hundaeigendur séu skárri gestir heldur en ungmenni sem hafa komið og skilið eftir allt í drasli.“ Enda er ekkert gaman „að koma að eldhúsbordinu ofan í heitapotinum“ [NV4]. Viðmælandi NV2 hefur lent „mjög oft í skrítnum og frekum Íslendingum“ sem höguðu sér ósæmilega á meðan á dvöl stóð, bæði ungum og öldnum. En þó nokkur ungmenni hegði sér ósæmilega ætti varla að banna ákveðinn aldursþóp, heldur

frekar þá einstaklinga sem ganga illa um. Hjá viðmælendum H3, H4 og R2 „*megi allir gista ef þeir fara eftir hótélreglum, ef einhver hefur gert eitthvað á okkar hlut þá er hann ekki velkominn aftur en það er enginn sértakur hópur*“ [H4]. Ungmennni og hundaeigendur eru hópar sem flestum viðmælendum er illa við að hleypa inn á gistiðstöðu sína og eflaust hafa einhverjir hundaeigendur gengið illa um. Til að halda upplýsingar um þennan hóp hafa viðmælendur (H4, R2, NV7 og H3) búið til lista yfir óvelkomna gesti. Það er ekki réttlæti að refsa öllum hundaeigendum fyrir syndir fárra alveg eins og það er varla réttlátt að dæma allar konur ótrúverðugar vegna þess að Eva fékk Adam til að bíta í eplið. „*Ástæðulaust að láta einhvern fámennan hóp sem hugsar illa um dýrin skemma einhverja þróun í þessa veru af því þetta er að aukast rosalega mikið*“ [H3] þ.e. hundaeign á Íslandi. En á meðan reglugerðin bannar gistiheimiliseigendum að leyfa hunda og fordómar eru gagnvart hundum í íslensku samfélagi má gera ráð fyrir að eigendur gistiheimila haldi áfram að leyna því að þeir leyfi hunda inni á gististöðum sínum.

Það eru alltaf einhverjir svartir sauðir sem ekki kunna eða vilja ala upp hundana sína. Sumir vilja ekki hafa hund sinn í bandi og þrifa ekki upp eftir þá. Til að mynda lenti NV2 í því að eigandi batt hundinn sinn við innganginn að hótelinu og „*hann stóð bara þarna á tröppunum og urrrrrr*“ [NV2], þar með hræddi hann aðra gesti sem vildu ganga um aðalinnganginn. Það er alls ekki við hæfi að skilja hund eftir á almannafæri ef hann urrar eða bítur því þá er hundurinn ógn við vegfarendur. En sumir eigendur geta ekki séð hunda sína sem ógn í samfélaginu. Viðmælandi S1, sem leyfir hunda, lendir gjarnan í því að hundaeigendur fari í vörn þegar hann kemur að þeim eins og þeir búist við ákúrum vegna hundsins. Viðmælandi S1 finnst mikilvægt að „*fara vel að fólki enda verður fólk fegið að fá jákvætt viðmót og leggur sig fram um að ganga betur um og vinna með viðkomandi*“ gistiheimiliseiganda ef því líður vel. Fólk fer frekar eftir reglum og ábendingum ef því finnst það vera velkomið, en ef fólki finnst því vera ógnað þá svarar það fremur með hortugheitum og fer jafnvel ekki eftir tilmælum eða mótmælir með slæmri hegðun. „*Það er rosalegt hvað sumir skemma fyrir öðrum, hugsa illa um dýrin, láta þau vera ein geltandi alla nætur, skítur út um allar svalir og svo rennur skíturinn niður og hland og allt, sko hugsa ekkert um þetta þeir eru að eyðileggja....en þeir sem vilja hafa hundana sína og eru í lagi eru þrífandi upp eftir hina*“ [H3] hundaeigendurna sem ganga illa um.

Algengt er að hundaeigendur sem ferðast með hunda sína leyni gestgjafa því að þeir komi með hundinn inn á gistiðstöðuna. Það að hundaeigendur hafi í leyfisleysi komið með hund hefur gerst hjá viðmælendum V1, NV1, NV2, NV4 og ef til vill fleirum án þess að þeir yrðu varir við það. Viðmælandi sem áður bannaði hunda en leyfir þá nú, segir að hundaeigendur „*verði afar ánægðir því þeir þurfa ekki að stelast, það er nefnilega mjög algengt að fólk taki gæludýr sín hvort sem það er hundur, köttur, kanína eða eitthvað annað í sumarbústað, og reyna að passa að láta það ekki sjást, Íslendingar virðast vera fyrirfram búnir að ákveða að hundar séu ekki leyfðir og spyrja því ekki um leyfi heldur stelast bara*“ [NV4]. Það er frekar að hundaeigendur komist upp með að vera með hundinn sinn ef þeir biðja ekki um leyfi heldur stelist til að koma með hann.

Það eru ekki aðeins gestir sem leyna því að þeir hafa haft hund inni á gistiðstöðunni, heldur leyna margir viðmælendur því að þeir leyfi hunda. Til að mynda leyfa NV1, NV2 og NV7 ekki hunda formlega, en allir þessir viðmælendur gera undantekningu á þeirri reglu svo lengi sem enginn annar gestur áttar sig á að þar hafi verið hundur. Viðmælendur R1, R2, H4 og NV2 leyfa hunda eingöngu í ákveðnu herbergi sem er með sérinngangi og NV1 og NV7 leyfa hunda í einu herbergi rétt við útganginn á gistiðstöðunni. Einn viðmælandi sagði að „*einstaka sinnum fær fólk að koma með hundana inni í búri rétt fyrri miðnætti og drífur sig svo með þá út snemma um morguninn og svona við erum þá bara að gera þetta persónulega í hvert sinn þetta er ekkert sem maður vill auglýsa eða þannig*“ [NV1]. Þannig fara einnig viðmælendur NV2 og NV7 að, svo aðrir gestir verði ekki varir við að þar hafi verið hundur á ferð. Sumir gistihúsaeigendur vilja gjarna fela þá staðreynd að þar séu leyfðir hundar þó hefur enginn viðmælandi lent í því að aðrir viðskiptavinir kvörtuðu eða sniðgengju gistinguna vegna óánægju með að þar væru leyfðir hundar.

4.4 Gisting og búskapur

Þeir sem gista á bóndabæjum gera e.t.v. ráð fyrir því að þar séu dýr og sækja jafnvel í að gista þar til að komast sem næst dýrum. Það þýðir lítið að vera hræddur eða illa við húsdýr á bóndabæ því dýr af ýmsu tagi eru hluti af sveitalífinu.

Viðmælandi V1 er bóndi sem hefur ekki lent í því að kvartað hafi verið undan hundum hans þó þeir gangi lausir. Hundarnir eru hluti af starfseminni bæði bóndabæjarins og gistingarinnar og hafa borist kvartanir ef hundana vantaði þegar gesti bar að garði. Aftur á móti eru fæstir viðmælendur sem eru bændur á því að búskapur og ókunnugir hundar fari vel saman. Til að mynda leyfa fjórir viðmælendur (NV4, NV5, NV6 og V1) ekki ókunnuga hunda og finnst það allajafna ekki við hæfi að hafa hunda innandyra. Einn viðmælandinn (NV5) leyfir ekki ókunnuga hunda inni á lóðinni sinni og bendir á að ókunnugir hundar geta haft óæskileg áhrif á heimilishundana t.d. ef aðkomuhundar fara að reka búfénað, þá taka sveitahundarnir þátt í leiknum.

Allir viðmælendur sem eru með búskap eru sammála um að hundar sem ekki hafa lært að umgangast aðrar skepnur geta verið hættulegir þeim dýrum sem eru á bænum. Einnig geta aðkomuhundar farið sér að voða og slasað sig og benti viðmælandi NV4 á að það gæti verið kostnaðarsamt ef hreinræktaður hundur slasast alvarlega vegna þess að stórar skepnur líkt og kýr eða hestar trampa þá niður. Viðmælandi NV4 er eini bóndinn sem leyfir hunda á sveitabæ sínum. Það er auðveldara að hafa smáhunda sem fara ekki frá eiganda sínum, þar sem þeir fara síður á flakk eins og stórir hundar gera (NV4). Til að koma í veg fyrir slys er gott að fara í göngutúr um bæinn svo hann kynnist umhverfinu og dýrunum. Aftur á móti ef hundur er í eðli sínu árásargjarn gagnvart öðrum dýrum þá verður hundurinn að vera í bandi utandyra eða innan hundagirðingar (NV4). Viðmælandi V1, sem leyfir hunda á tjaldsvæðinu, hefur aðeins góða reynslu af því. Aftur á móti hefur viðmælandi V1 lent í því að hundar frá nágrennabústöðum í einkaeign, hafi farið í sauðfé.

Það er viðskiptatækifæri að leyfa gestahunda á sveitagistingu, þar sem hundaofnæmi er ekki eitthvað sem réttilega er hægt að kvarta yfir. Viðmælandi NV4 notar þetta í markaðsetningu sinni og tekur það skýrt fram hvaða dýr séu á bænum og að ókunnugir

hundur séu velkomnir. „Ég trúi því að sumir sniðgangi allar gistingar á sveitabæjum vegna þess að það er hundur á bænum eða bara yfir höfuð dýr vegna hræðslu eða ótta við ofnæmi, jafnvel þó að dýrin komi aldrei inn í hús“ [NV4]. Enda komast ofnæmisvaldar af þeim dýrum sem eru á bænum alltaf einhvern veginn inn í gistinguna og „maður getur náttúrulega aldrei hreinsað alveg út“ [H1] og það þýðir ekkert að segja „ef einhver er með ofnæmi fyrir köttum þá er kettinum hent út“ [NV5] því það leysir ekki vanda þeirra gesta sem eru með ofnæmi fyrir köttum.

5 Markhópur með eftirspurn

Hundaeigendum fer fjölgandi á Íslandi. Þeir eru án efa farnir að vera mikilvægur markhópur í viðskiptum og þar er ferðapjónustan ekki undanskilin. Viðmælandi NV2 leyfir ekki hunda „en maður myndi skoða það ef það væri þörf fyrir eitthvað á markaðnum sem er ekki sinnt, maður skellir ekki á það bara af því bara.“ Hann væri sem sagt til í að leyfa hunda ef hann sæi fram á að „það væri fjárhagslegur ávinningur“ [NV2] og á þessari skoðun eru flestir viðmælendur. Sérstaklega ef viðmælandi sér fram á að Íslendingar geti orðið stærri viðskiptavinahópur en hann er í dag. Viðmælanda NV1 finnst það að leyfa hunda vera spurning um að missa ekki stór viðskipti, en viðmælandinn leyfir það aðeins þegar stór hópur biður um að fá að taka með sér hund. Það að leyfa hunda virðist alla jafna auka viðskifti, þó mismikið sé. Einstaka viðmælendur (NV1 og NV2) leyfa hundum að gista þegar það eru fáir gestir. Þá verða aðrir gestir síður varir við hundinn og þá fæst betri nýting á gistingunni. Það að gera gistaðstöðuna hundavinalega kostar breytingar og þarf því fjárhagslegur ávinningur að koma til svo forsenda sé fyrir því að reka þess konar þjónustu. „Þetta er bara spurning um business“ [H2]. Viðmælandi NV1 er þeirrar skoðunar að „ef maður fer að leyfa þetta (hunda) almennt þá verður svo mikil ásókn í þetta...það er orðið svo mikið af hundum hjá fólki.“ Sumir viðmælendur (NV5, V1, R1 og NV3) bentu á að þeir vildu ekki leyfa hunda því erlendir ferðamenn eru nægilega stór kúnnahópur fyrir þá. Það hentar ekki öllum að leyfa hunda inni á gististaðnum hjá sér.

Það að leyfa hunda samkvæmt H2 er „spurning um að ná til svo stórs kúnnahóps að það skipti ekki máli að nokkrir séu hræddir við hunda“ eða hafi ofnæmi. Þeir einstaklingar sem á einhvern hátt er illa við að umgangast hunda verða ekki markhópurinn. Mismunandi gistaðstöður kalla á mismunandi viðskiftavini. Það vilja ekki allir gista á 5 stjörnu hóteli eða eru þeirrar skoðunar að hundar eigi ekki heima á gististöðum. Enda er „ekki öllum vel við það sem maður hefur (fram) að færa“ [H2] og maður verður að haga starfseminni eftir ólíkum þörfum viðskiptavinarins. Þó hundahald yrði leyft er ekkii þar með sagt að allir gististaðir teldu sér hag af því. Viðmælandi H1 „finnst bara fleiri ættu að gera þetta“ þ.e. að leyfa hunda inni á gistaðstöðunni sinni, sem sýnir að það er næg eftirspurn eftir gistaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu fyrir hundaeigendur og hundana þeirra þar sem hún er ekki smeyk við samkeppni á þeim markaði. „Það væri sniðugt ef það væru einhverjir sniðugir staðir sem gerðu út á“ [V1] að sérhæfa sig í að leyfa hunda en það verður einhver að gera það sem sér hag sinn og ánægju af að þjónusta hundaeigendur á flakki.

Á þeim stöðum sem leyfa hunda hefur þetta aukið viðskiptin, en þó mismikið. Viðmælandi NV4 trúir því að hann fái fleiri viðskiptavini vegna þess að hann leyfir hunda í sumarbústaðnum sínum. „Það koma endurkomur út af því“ [NV2] að hundar eru leyfðir, fastagestir eru eftirsóknaverðir viðskiptavinir. Það er að sumu leyti gott að leyfa hunda því „maður fer aðeins fram úr væntingum fólks“ [NV2] því það gerir ekki ráð fyrir að

gististaðir séu hundavinalegir. „Fólkið er oft þaklátt fyrir það að fá að vera með hundinn“ [NV2] og það er afar ánægjulegt að vera með þakkláta viðskiptavini.

Viðmælanda NV1 finnst ekki við hæfi að hafa hunda inn um allt gistiheimilið og vill ekki auglýsa gistaðstöðuna sérstaklega fyrir hunda. Þó viðurkennir hún að „þetta fólk myndi ekki koma ef það fengi ekki að koma með hundinn“ [NV1]. Viðmælandi NV6 leyfir ekki hunda og bendir á að þó oft hafi borist fyrirspurn um að fá að vera með hund á gistingunni, þá geri hann ráð fyrir að þeir fari einfaldlega eitthvert annað. En þar sem það er bannað að leyfa hunda inni á gististöðum þá hafa hundaeigendur fáa aðra kosti. „Það er fullt af fólki sem er með hunda og ferðast með þá og getur ekkert farið með þá, til dæmis fólk úti á landi þarf að skilja hundinn sinn eftir heima“ [H1]. Þetta er eitthvað sem mörgum hundaeigendum finnst óásættanlegt og er viðmælandi H1 á þeirri skoðun að það séu „bara sjálfsögð mannréttindi“ að fá að taka hundinn með sér í ferðalagið. En það fer fjarri því að ferðapjónustan á Íslandi virki þannig.

Svo virðist sem þeir viðmælendur sem leyfa hunda fari hægt í sakirnar með að þjóna þessum nýja markhópi. Til að mynda auglýsir aðeins viðmælandi NV4 það sérsaklega að hann leyfi hunda. Þó má benda á að viðmælendur H1 og R2 eru á lista Hundaræktarfélags Íslands yfir gistingar sem leyfa hunda. Flakkari með peninga er ferðamaður og hundaeigendur eru alveg vísir til að eiga nóg fé og þá sértaklega fólk með hreinræktaða hunda. Hjá viðmælanda H1 sem hefur „alltaf leyft hunda, en það hefur aukist eftir að þeir hringdu frá hundaræktarfélaginu og sögðu fólki að við leyfðum hunda og þá fórum við á skrá þar og það hefur verið aukning“ af hundaeigendum að koma að gista. Einstaklingar með hreinræktaða hunda fara gjarnan með þá á hundasýningar sem haldnar er af Hundaræktarfélagi Íslands, Íshundum og fleirum og eru þessar sýningar bæði að sumri og vetri.

Nýting gistirýma úti á landi að vetri til er slök, þó það sé opið þá koma fáir (NV6). Það eru aðallega Íslendingar sem koma að vetrinum og „ástæðan fyrir því að fólk er að koma hér á veturnum myndi vera t.d. afmæli eða ferming, einhver þorrablót eða svoleiðis en útlendingar koma ekki hingað að vetrarlagi“ [NV6]. Ferðapjónustuaðilar hafa margir hverjir lagt áherslu á að auka við vetrarferðamennsku og jafna út fjölda ferðamanna yfir árið og gera þar með ferðapjónustu að stöðugri atvinnugrein. Ein leið til að auka við ferðamennsku á veturnum væri að leyfa hundaeigendum að gista með hunda sína sem margir hverjir sleppa því að mæta á ýmsa viðburði vegna þess að gæludýr þeirra eru ekki velkomin. Meirihluti Íslendinga býr á höfuðborgarsvæðinu og væri það upplagt að þeir sem reka gistipjónustu úti á landi gerðu meira í því að draga Íslendinga til sín, með því að bjóða hundaeigendum inn á gististaði sína. Í þessu sér til að mynda viðmælandi NV1 tækifæri því ef gestur kemur um hávetur með hund „þá mætti hann að sjálfsögðu hafa hundinn með sér“ enda er fátt um aðra gesti á vetrartímum.

Eftir kreppu hefur Íslendingum á ferðalagi innanlands fjölgað og þá sértaklega á tjaldsvæðum sem mörg hver leyfa hunda. Viðmælendur V1, NV3 og S1 segjast fá fleira fólk vegna þess að þau leyfa hunda á tjaldsvæðinu hjá sér, „það er svo mikið um hunda að það er alveg ótrúlegt“ [NV3]. Á tjaldsvæðum „fyrir örfáum árum, voru útlendingar í meiri

hluta en núna er það svona 50/50“ [NV1]. Það eru „mest allt útlendingar sem gista hérna inni en Íslendingarnir eru fleiri á tjaldsvæðinu“ [NV1] enda mega þeir vera með hundana sína þar. Þó ferðalög Íslendinga hafi aukist til muna er ekki þar með sagt að það sé „það sem við á hótelnunum erum að upplifa vegna þess að Íslendingar eru svo margir með hjólhýsi, tjaldvagna og húsbíla og svo framvegis“ [NV2]. Bændagistingareigandinn NV6 segir að „eftir því sem árin líða þá koma færri og færri Íslendingar og fleiri útlendingar“ enda leyfir hann ekki hunda þó hann fái fjölmargar óskir um það.

Þó að hundaeigendur væru fleiri en erlendir ferðamenn og myndu jafnvel borga meira, myndu viðmælendur NV1, NV6 og NV3 ekki leyfa hunda. Það er ekki nóg að það sé markaður og gróði af því að leyfa hunda inni á gististöðum. Það þarf vilja eigenda gistiheimilanna og fjármagn til að gera gistiðstöðuna hundavæna. Því þarf hver og einn gistiheimiliseigandi að íhuga vandlega hvort það svarar kostnaði að leyfa hunda hjá sér. Viðmælendur H2 sögðu að það að leyfa hunda „er eitthvað sem við höfum forðast að hugsa um því að þetta er eitthvað sem er erfitt að taka á.“ Enda er erfitt að vera frumkvöðull og hafa hugrekki til að takast á við breytingar og þjóna markhópi sem enginn hefur viljað sinna hingað til.

6 Lokaorð

Hér á landi er hundaeign að aukast. Hlutverk hunda hefur breyst frá því að vera fyrst og fremst fjárhundar á sveitabýlum til þess að vera fjölskyldumeðlimir á heimilum í þéttbýli og koma jafnvel í stað barna. Hundaeigendur eyða miklum fjármunum vegna hundaeignar sinnar og skapa mikla veltu í viðskiptum. Allar breytingar eru erfðar stórar jafnt sem smáar og sumir eiga erfitt með að aðlagast því að hundar séu leyfðir í þéttbýli og almenningsrýmum.

Enginn af fimmtán gististaðeigendum sem rætt var við vegna rannsóknarinnar vissi af reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, sem bannar að hundar komi inn á gistaðstöðu með eigendum sínum. Ekki virtist sem heilbrigðiseftirlitsmenn gangi eftir því að reglugerðinni sé framfylgt, nema í þau örfáu skipti þegar einhver viðskiptavinur kvartaði. Það má líta svo á að reglugerðin hamli þróun hundavænna gististaða hérlandis. Það er spurning hvort hundaeigendur og einhverjir gistiheimiliseigendur sjái hag sinn í að skapa umræðu meðal almennings um þessa reglugerð, líkt og gerðist með blindrahundalögin sem var breytt eftir að blindri konu var meinað að búa með hjáparhundi sínum í fjölbýli. Eftir það fengu hundaeigendur meiri réttindi til að halda hunda í fjölbýli. Ef reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 væri breytt á þann veg að undaþága við hundahaldi á gististöðum væri heimiluð eins og á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum skapaðist grundvöllur til sóknar á þann markhóp sem hundar og hundaeigendur eru. Eigendur gististaða geta þá ráðið því hvort þeir sækja um undaþágu til að sinna þessum hóp eða ekki.

Hjá þeim einstaklingum sem líta á hunda sem fjölskyldumeðlim vilja þeir taka þá með í ferðalög og það er svo sannarlega markaður fyrir því að leyfa hunda á tjaldsvæðum, sumarbústöðum og öðrum gistingum samkvæmt viðmælendum. Þetta er markaðstækifæri sem hefur ekki verið nýtt til fullnustu í ferðaþjónustu. Það virðist sem svo að fáar gistingar leyfi hundum að gista opinberlega og er algengt að því sé haldið leyndu fyrir öðrum gestum að þar hafi verið hundur. Það gengur ekki að leyfa hunda allstaðar, enda hafa ekki allir rétta aðstöðu eða þörf á að sinna þeim markaði. Til að mynda getur verið erfitt að leyfa ókunnuga hunda á sveitabæjum þar sem gisting er í boði, þar sem þeir geta farið í búfé eða fælt hesta. Ofnæmi og ónæði er eitthvað sem allir gistiheimiliseigendurnir höfðu áhyggjur af og er helsta ástæða fyrir því að þeir vilja ekki leyfa hunda. Hvorki skemmdir né ofnæmi höfðu valdið vandræðum á gististöðunum. Aftur á móti fylgja aukin þrif því að vera með hunda inni á gististöðum.

Rétt aðstaða, þar sem hundar trufla ekki aðra starfsemi né orsaka óánægju annarra gesta, virðist vera lykillinn að því að geta leyft hunda. Flestir viðmælendurnir leyna því að þeir leyfa hunda og bjóða þá aðeins velkomna þegar þörf er á að auka nýtingu gistirýma. Þetta dregur úr líkum á því að aðrir gestir kvarti enda er viðmót til hunda blendið. Sumir gististaðeigendurnir voru gríðarlega jákvæðir gagnvart hundum og fannst þeir eiga meiri rétt en fólk með fælmi eða ofnæmi á meðan öðrum fannst hundar ekki eiga heima inni á

heimilum fólks, hvað þá inni á gistiheimilum. Annað hljóð kom í strokkinn þegar rætt var um vel þjálfaða hunda með tilgang, hvort sem um var að ræða blindrahunda, fíkniefnahunda, leitarhundur- eða annarskonar þrautþjálfaða hunda. Næstum allir gististaðaeigendur gera undantekningu ef um blindrahund er að ræða nema nokkrir forstöðumenn bændagistinga sem vilja ekki leyfa nokkurskonar hunda og telja sig ekki vera með aðstöðu almennt fyrir fatlaða.

Það neikvæða álit sem sumir gististaðaeigendur hafa á hundum og eigendum þeirra sprettur upp af slæmri reynslu eða kjaftasögum af slæmum hundum. Alltaf virðast vera einhverjir hundaeigendur sem skemma fyrir öðrum með því að þrifa ekki upp eftir hunda sína og leyfa þeim að glefsa og gjamma. En almennt fara hundaeigendur eftir reglum og ala hunda sína vel upp. Þrátt fyrir það fá hundaeigendur á ferðalagi ekki sömu þjónustu og aðrir ferðamenn og þurfa gjarnan að nota hliðarinnanga og leyna komu sinni á gististaði til að eiga þess kost að fá að gista. Þetta er markhópur sem virðist kalla eftir meiri þjónustu á gististöðum, enda hafa sumir gististaðir hagað starfsemi þannig að hún henti þessum viðskiptavinum. Hundaeigendum á að öllum líkindum eftir að fjölga og þar með má áætla að eftirspurn eftir gistirýmum sem leyfa hunda muni aukast að sama skapi.

Heimildir

AAA (2009). *More than half of people traveling with pets frustrated by lack of pet-friendly accommodations, AAA and Best Western Survey Says*. Skoðað 4. janúar 2012 á <http://newsroom.aaa.com/tag/pet-friendly-hotels/>

Ágúst H. Bjarnason (2001). *Barátta við sullaveiki*. Skoðað 16. apríl 2011 á vef Morgunblaðsins: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=600736

Belcher, B. E. (2011). *Perceptions of advertising by dog owners and non-dog owners: An Experimental study*. Óútgefin meistaraþrófsritgerð, Appalachian State University, North Carolina.

Brynjólfur Sandholt (ritstj.) (2004). *Dýralæknatal – Búfjársjúkdómar og saga*. Reykjavík: Dýralæknafélag Íslands.

Carr, N. og Cohen, S. (2009). Holidaying with the family pet: No dogs allowed! Tourism and Hospitality Research. *Tourism and hospitality research*, 9(4), 290-304.

Cherry, K. (á.á.). *Common phobias*. Skoðað 16. apríl 2011 á vef About.com: <http://psychology.about.com/od/phobias/p/commonphobias.htm>

Davíð Gíslason, Eyþór Björnsson og Þórarinn Gíslason (2000). Fæðuofnæmi og fæðuþol Íslendinga á aldrinum 20-44 ára. *Læknablaðið*, 86(12), 851-857.

Davis, J. L. (2004). *5 Ways Pets Can Improve Your Health*. Skoðað 18. janúar 2011 á vef Web MD: <http://www.webmd.com/hypertension-high-blood-pressure/features/health-benefits-of-pets>

Eva Dögg Kristjánsdóttir og Karl Benediktsson (2007). Hundalíf í borg: Reykjavík sem rými dýra og manna. *Landabréfið*, 23(1), 25-42.

Eva Hreinsdóttir (2002, 18. maí). Sumarfrí hundaeigenda. *Helgarblað DV*, bls. 26.

Ferðaðþjónusta bænda (2011). *Hugsað til framtíðar*. Reykjavík: Félag ferðaðþjónustu bænda.

Ferðamálastofa (2010a). *Gististaðir sem leyfa gæludýr*. Skoðað 16. apríl 2011 á <http://is.visiticeland.com/Gistingogtjaldsvaedi/Gaeludyr/>

Ferðamálastofa (2010b). *Hálendisskálar gerðir aðgengilegir öllum*. Skoðað 8. febrúar 2011 á <http://www.ferdamalastofa.is/>

Ferðamálastofa (2011a). *Ferðaðþjónusta á Íslandi í tölum* [bæklingur]. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Ferðamálastofa (2011b). *SAF kannar umfang gistingar án starfsleyfis*. Skoðað 10. mars 2011 á <http://www.ferdamalastofa.is/>

Guðrún Petersen (1990). *Hundalíf*. Reykjavík: Líf og saga.

Hagstofa Íslands (2006). Verðlag og neysla, *Hagtíðindi*, 91(4).

Hagstofa Íslands (2010a). *Hjónavígslur 1951-2009*. Skoðað 18. janúar 2011 á <http://hagstofan.is/>

Hagstofa Íslands (2010b). *Lögskilnaði 1951-2009*. Skoðað 18. janúar 2011 á <http://hagstofan.is/>

Hagstofa Íslands (2010c). *Frjósemi og fólksfjölgunarhlutfall 1951-2009*. Skoðað 18. janúar 2011 á <http://hagstofan.is/>

Heilbrigðiseftirlit (2011). *Hundahald*. Skoðað 16. apríl 2011 á <http://www.heilbrigdiseftirlit.is/hundahald.htm>

Hundaræktarfélag Íslands (2010). *Hótel og gisting*. Skoðað 18. janúar 2011 á <http://www.hrfi.is/Default.asp?page=288>

Hundaræktarfélag Íslands (á.á.). *Fjöldi hunda á Íslandi*. Skoðað 18. janúar 2011 á <http://www.hrfi.is/>

Jón Helgason (1966). *Öldin sautjanda*. Reykjavík: Forlagið Iðunn.

Jónína Leósdóttir (á.á.). *Á flóttu í frúnu*. Skoðað 16. apríl 2011 á vef Astma & ofnæmisfélagsins: <http://www.ao.is/?c=webpage&id=101>

Karp, H. (2007). *Hotels go to the dogs*. Skoðað 18. janúar 2011 á vef the *The Wall Street Journal*: <http://online.wsj.com/article/SB119879951007354215.html>

Katrín Lilja Ævarsdóttir (2007). *Meðferð með hjálp dýra*. Skoðað 18. janúar 2011 á <http://hdl.handle.net/1946/646>

Kvíðameðferðastöðin (2011). *Námskeið við fælni*. Skoðað 16. apríl 2011 á http://www.kms.is/index.php?option=com_content&view=article&id=82&Itemid=90

Long, C. (2004). *City dog, the national hotel & resort guide*. Los Angeles: City Dog Publishing.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2005.

Matvælastofnun (á.á.). *Innflutningur hunda og katta til Íslands*. Skoðað 18. apríl 2011 á <http://www.mast.is/Uploads/document/leidbeiningar/LeidbeiningarInnflutningurhundaogkattatilislands.pdf>

Nolen-Hoeksema, S., Fredrickson, B. L., Loftus, G. R. og Wagenaar, W. A. (2009). *Atkinson & Hilgard's introduction to psychology* (15. útgáfa). Bretland: Wadsworth Pub. Co.

Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

Travelhorizons (2009). *Pets make great travel companions*. Skoðað 18. janúar 2011 á <http://www.ustravel.org/news/press-kit/travel-facts-and-statistics>

Trip advisor (2010). *Trip advisor sniffs out top ten pet-friendly hotels*. Skoðað 4. janúar 2012 á http://www.tripadvisor.com/PressCenter-i4164-c1-Press_Releases.html

Unnur Steina Björnsdóttir og Davíð Gíslason (2002). *Ofnæmi fyrir dýrum* [bæklingur]. Reykjavík: Aventis.

Utanríkisráðuneytið (á.á.). *Hugtakasafn Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytis*. Skoðað 18. januar 2011 á <http://www.hugtakasafn.utn.stjr.is/umhts.adp#almennt>

Wolff, C. (2003). *How to cater to the four-legged market*. Skoðað 4. janúar 2012 á vef All Business: <http://www.allbusiness.com/accommodation-food-services/accommodation-traveler/1097662-1.html>

Þórunn Árnadóttir (2007). *Samband manna og dýra og áhrif þess á hönnun nytjahluta*. Skoðað 16. apríl 2011 á vef Morgunblaðsins: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1157360

Viðauki

Spurningar lagðar fyrir gististaðaeigendur sem leyfðu ekki hunda

Hvað hefur þessi gistiaðstaða verið rekin lengi?

Leyfir þú hunda í gistiaðstöðunni hjá þér?

Hvað þyrfti að breytast svo að þú vildir leyfa hundum að gista með eigendum sínum?

Veist þú um einhverja reglugerð varðandi hundahald?

Ef hundaeigandi myndi borga meira fyrir gistingu myndir þú þá leyfa það?

Hefur þú leyft einhver önnur dýr?

Væri hægt að leyfa suma hunda fremur en aðra?

Litla, þjálfaða, leitahunda, rauðakrosshunda?

Myndir þú leyfa blindrahund?

Myndir þú leyfa hunda ef þú værir með góða aðstöðu til þess?

Garð/útvistarsvæði, hundagirðingu?

Hefur þú einhverjar áhyggjur af því að leyfa hunda?

Hvað gerir þú ef að viðskiptavinur er uppvís að því að koma með hund í leyfisleysi?

Hefur þú lent oft í því?

Hafa hundar haft truflandi áhrif á búskap, gistingu, umhverfi, aðra gesti...

Hvernig myndi hundur trufla gistiaðstöðuna?

Hverjir eru gallar þess að vera með hunda á gistiaðstöðunni?

Hverjir eru kostirnir við að vera með hunda á gistiaðstöðunni?

Er einhver viðskiptavinahópur sem þú leyfir ekki?

Hvaða ráð myndir þú vilja gefa gistiheimiliseigendum sem eru að íhuga að leyfa hunda?

Spurningar lagðar fyrir gististaðaeigendur sem leyfðu hunda

Hvað hefur þessi gistiaðstaða verið rekin lengi?

Leyfir þú hunda í gistiaðstöðunni hjá þér?

Hversu lengi hefur þú leyft hunda?

Af hverju leyfir þú hunda í gistiaðstöðunni hjá þér?

Hefur þú leyft einhver önnur dýr?

Eru takmarkanir á hvernig hunda þú leyfir?

Þyngd/stærð/tegund

Væri hægt að leyfa suma hunda fremur en aðra?

Litla, þjálfaða leitahunda, rauðakrosshunda?

Myndir þú leyfa blindrahund?

Leyfir þú hunda af því að þú ert með góða aðstöðu til þess?

Garð/útvistarsvæði, hundagirðingu?

Hefur þú lent í einhverjum erfiðleikum með að leyfa hunda í gistiaðstöðunni þinni?

Lög

Ofnæmi
Neikvæðar raddir
Skemmdir
Neikvæðni annarra gesta?
Hræðsla – ráðist á þig?

Hefur þú einhverjar áhyggjur gagnvart því að leyfa hunda?
Ert þú smeykur við skemmdir af völdum hunda?

Teppi á gólfinu?
Húsgögn
Hundaskitur?
Hár?

Eru hundar leyfðir í öllum herbergjum/bústöðum?
Hvað gerir þú ef að viðskiptavinur er uppvís að því að koma með hund í leyfisleysi?
Hefur þú lent oft í því?

Ert þú með einhverjar sérstakar reglur fyrir hundaeigendur?
Veistu um einhverja reglugerð varðandi hundahald?

Hafa hundar haft truflandi áhrif á búskap, gistingu, umhverfi, aðra gesti...

Hverjir eru gallar þess að vera með hunda á gístiaðstöðunni?
Hverjir eru kostirnir við að vera með hunda á gístiaðstöðunni?
Færð þú fleiri viðskiptavinum með að leyfa hund heldur en ekki?
Hvað stækkar þetta viðskiptavinahópinn þinn mikið?

Er einhver viðskiptavinahópur sem þú leyfir ekki?

Hvernig eru hundaeigendur miða við aðra gesti?

Hvaða ráð myndir þú vilja gefa gistiheimiliseigendum sem eru að íhuga að leyfa hunda?

Spurningar lagðar fyrir heilbrigðiseftirlitsfulltrúa

Hafi þið þurft að beita þvingunum eða áminningum gagnvart rekstraraðilum gístistaða sem leyfðu hunda á ykkar svæði?

Eru einhverjar undanþágur í þeim efnum?